

Séra Helgi mæður í minningargreinum



Játaði brot sín

10. ÁGUST 2018 / 31. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

ÍSLENSKIR NASISTAR

Einn dæmdi mann til **daða**



DV





Ævar Þór verður pabbi

KARLOTTA FÓR FRÁ AKUREYRI Í BANDARÍSKT FANGELSI



Niðurlægjandi meðferð
Meinað um læknishjálp



Ungmennin sem fóru allt of fljótt Aðstandendur stíga fram



Merinni stolið

Karlinn vill selja úr henni **blóðið**

Margar gerðir af **FARANGURSBOXUM**



Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



SEAT FIX

AIR CIRCULATION SYSTEM

LIGHT WEIGHT

ECE NORM R 44/04

HERO

ISO FIX

ADVANCED ((SIDE)) PROTECTION

3 POINT BELT

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Óli lagði sjómennskuna á hilluna og fór að vinna á leikskóla:

„KEM STUNDUM HEIM, ÞREYTTARI EN EFTIR 15 TÍMA Á SJÓNUM“

Ódinn Svan Óðinsson
odinn@dv.is



Ólafur Ingi Bergsteinsson er 34 ára, tveggja barna faðir frá Stykkishólmi. Hann hafði starfað sem sjómaður í nokkur ár þegar hann ákvað að breyta algjörlega um starfsumhverfi og sækja um vinnu á leikskóla í bænum. Það var ákvörðun sem hann sér svo sannarlega ekki eftir.

„Ég hafði starfað sem sjómaður hjá útgerðarfélaginu Kára í rúm þrjú ár og fannst það mjög fínt. Því miður hentaði starfið ekki mínu fjölskyldumynstri þar sem konan mín á þeim tíma vann vaktavinnu og því var oft mjög strembið að púsla þessu öllu saman, í sambandi við pössun og annað. Ég ákvað eftir smá hugleiðingu að prófa að fá mér vinnu í landi og sló ég til þegar ég sá að það var auglýst eftir fólki til að vinna á leikskólanum hér í Stykkishólmi,“ segir Ólafur, Óli eins og hann er jafnan kallaður.

Jákvæð viðbrögð

Óli segir fjölskylduna og vini hafa stutt þá ákvörðun hans að koma í land. „Ég hef bara fengið jákvæð viðbrögð við þessu og fólk almennt tekur þessu vel enda er rosalega gott að hafa karlmenn í þessari vinnu. Ég fæ jákvæðar athugasemdir við það sem ég er að gera þannig að ég er sennilega að gera eitthvað rétt.“

Óla líkar starfið á leikskólanum vel en viðurkennir að það

geti verið erfitt.

„Ég kem stundum heim þreyttari en eftir fimmtán tíma á sjónum en allt öðruvísi þreyttur. Munurinn á þessum tveimur stöðum er í raun sá að vinnan á leikskólanum getur verið andlega erfið á meðan vinnan á sjónum getur verið líkamlega erfið. Vinnutíminn á leikskólanum er líka mun betri en á sjónum og það er gott að vera með öruggt helgarfrí,“ segir Óli.


Sest á skólabekk í haust

Skömmu eftir að Óli hóf störf á leikskólanum ákvað hann að ganga alla leið og skrá sig í leikskólakennaranám. Óli tekur námið í fjarnámi frá Stykkishólmi og byrjar í haust. „Það var fyrst og fremst áhuginn á leikskólastarfinu sem fékk mig til að sækja um námið. Svo voru þessar elskur sem ég er að vinna með alltaf að yta þessari hugmynd dýpra og dýpra í hausinn á mér og þakka ég þeim innilega fyrir það. Einhvern tímann hækka svo launin vonandi eitthvað en það er nú svo sem



málið út af fyrir sig enda eru þau hlægilega lág,“ segir hann.

Þrátt fyrir lág laun sér Óli ekkert eftir ákvörðun sinni og hvetur aðra karlmenn til að feta sömu braut. „Ég mæli hiklaust með þessu fyrir karlmenn. Eflaust ríkir einhver hræðsla meðal karlanna og sumir líta á þetta sem „kvennastarf“, sem þetta er alls ekki. Það geta allir unnið á leikskóla.“ ■



RÁIN
FERSK OG FALLEG
ÞJÓNUSTAR
PIG Í MAT OG
DRYKK



Hafnargata 19a
Keflavík
S. 421 4601

Síðustu orðin
„Jæja, herramenn, brátt munu þið sjá bakað epli (Appel).“
– Morðinginn George Appel, rétt áður en hann var tekinn af lífi í rafmagnsstól árið 1928. Samkvæmt sumum heimildum voru síðustu orðin önnur: „Allar dómur elska bökuð epli.“

Á þessum degi, 10. ágúst



1519 – Fimm skip Ferdinands Magellan leggja úr höfn í Sevilla í leiðangur umhverfis jörðina. Næstráðandi Magellan, Baskinn Juan Sebastián Elcano, lýkur leiðangrinum í kjölfar dauða Magellan á Filippseyjum.





1628 – Sænska herskipið Vasa sekkur í Stokkhólmshöfn 20 mínútur eftir að landfestun var sleppt í fyrstu ferð þess.



1792 – Ráðist er á Tuileries-höllina í Frönsku byltingunni. Loðvík 16. er handtekinn og svissneskir varðliðar hans brytjaðir niður af múgnum í París.

1969 – Daginn eftir að hafa myrt Sharon Tate og fjóra að auki, myrða meðlimir söfnuðar Charles Manson Leno og Rosemary LaBianca.



1997 – Fjölmíðlastjarnan og fyrirsætan Kylie Jenner fæðist.

ER MYNDAVÉLIN ÍÞYNGJANDI?

Lausnir frá Peak Design gera það ánægjulegt að ferðast með myndavélina, hvort sem það er innan borga eða í óbyggðum



EVERYDAY MESSENGER TÖSKUR FRÁ PEAK DESIGN



Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogur, sími 577 6000, garmin.is

GARMINBÚÐIN 

„ÞETTA ER BÚIÐ AÐ EYÐILEGGJA ALLT MITT LÍF“

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Þetta voru eins og náttúruhamfarir. Hreint ógeðslegt.

Það er óhætt að segja að dagurinn 17. júní í fyrra sumari hafi reynst Guðbjarti Hólmi Ólafssyni örlagaríkur, en þá var sveitabær í hans eigu á Kjalarnesinu lagður í rúst sem og flest allt sem á lóðinni stóð.

Húsið var á sölu og verðlagt á 120 milljónir króna þegar atvikið átti sér stað og nam tjónið um tólf til fimmtán milljónum með öllu innbúi að sögn Guðbjarts. Í kostnaðarútreikningum er aftur á móti ekki gert ráð fyrir með viðgerðum á raflögnum og tjóninu á bifreiðum á svæðinu.

„Ég fékk þetta hús í arf þegar pabbi minn dó árið 2014,“ segir hann. „Það var hann sem keypti þetta og byggði þetta upp, nánast frá grunni. Mér finnst rosalega sárt að einhver skuli níðast á eignum látins manns.“

Að sögn Guðbjarts átti þurfti hann að fara til útlanda vegna veikinda sem hann gat ekki frestað þegar skemmdirnar voru unnar, en hann fullyrðir að verknáðurinn hafi trúlega tekið margar klukkustundir miðað við umfang innbrotisins. „Þetta voru eins og náttúruhamfarir. Hreint ógeðslegt,“ segir hann og útilokar ekki að skemmdarvargurinn, hvort sem hann hafi verið einn eða með fleirum, hafi verið haldinn öfundusýki, því allt hafi verið lagt í rúst, en engu stolið.


Lítill viðbrögð frá lögreglu

„Ljónið í loftinu, ljósaperurnar, eldhúsinnréttingin, allir skápar, hurðirnar, blöndunartæki, eldhúskraninn, allar myndir, öll herbergi, öll glös, allt brotið, allt í rúst,“ segir Guðbjartur. „Þetta er búið að eyðileggja allt mitt líf,“ bætir hann við.

„Þetta eyðilagði sambandið milli mín og barnsmóður minnar auk þess að fara illa með venskapinn á milli mín og félaga minna. Ástæðan er sú að þetta fór svo með mig og

ég veit ekki hverjir standa á bak við þetta. Fólk getur verið vinir manns en síðan orðið hið andstyggilegasta þegar maður snýr við því bakinu.“

Guðbjartur segist hafa ekki fengið mikil viðbrögð frá lögreglu þegar hann tilkynnti þetta á sínum tíma. „Lögreglan vildi ekkert gera, mér var bent á að fá mér lögfræðing en það náði aldrei lengra,“ segir hann. „Svo var mér sagt að fólk færi ekki í fangelsi fyrir svona tjón, heldur aðallega líkamsárásir, fíkniefnamál, fjárhagssvik eða þess háttar. Ég er í rauninni ennþá reiðari yfir Ford Econoline sem var eyðilagður þarna fyrir utan og kveikt í.“



Sumartilboð

Sægreifans

Humarsúpa, brauð & ískaldur gull á 2.000 kr

Sægreifinn
geirsgötu 8 / s. 553 1500

Hver er hún?



■ Hún er fædd árið 1956 og ólst upp í Arnarholti á Kjalarnesi.

■ Hún var í tónlistarskóla þar sem hún lærði á pianó.

■ Hún sótti um í tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík og þar hóf hún nám aðeins 17 ára gömul.


■ Hún bjó í London í átta ár.

■ Hún gaf út sólóplötur Rombigy og Baby.

SVAR: RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR



Fjarlægðin á milli yfirborðs og miðju jarðar er rúmlega 6 þúsund kílómetrar.



Fegurardánsin Marilyn Monroe var með sex tær á vinstri fæti.

Tvær milljónir smámaura eru í rúminu þínu.



Það er staðreynd að ...



Ef þú þjáist af Onomatofóbíu ertu gífurlega hrædd/ur við að heyra ákveðin nöfn eða orð.

Það eru engir fiskar í Dauðahafinu.



**MILLJÓNIR Í ÖLLUM
REGNBOGANS LITUM**

50

MILLJÓNIR

POTTURINN STEFNIR Í 50 MILLJÓNIR



LEIKURINN OKKAR



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.



Segir merina sína stolna

FANNST HVORKI DAUÐ NÉ LIFANDI FYRR EN ÁRATUG SÍÐAR

„Örmerkingin kjaftaði frá“

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Björn Baldursson, veitingamaður á Selfossi, lenti í því fyrir tíu árum að merinni hans var stolið og hafði hann leitað hennar í árar- aðir án árangurs. Björn segir í samtali við DV að þá hafi verið um að ræða fjögurra vetra gamalt trippi undan verðlaunahesti sem vann hvert mótið á fætur öðru á þeim tíma.

Björn tekur fram að merin, sem ber heitið Elding frá Efra Seli, hafi verið geysilega falleg og honum ómissandi. „Hrossin mín voru inni í ólæstri girðingu á Skeiðarvegi þar sem ég geymi hestanna mína, en þetta var eina hrossið sem hvarf,“ segir Björn um hvarfið.

„Ég auglýsti eftir henni, hringdi á alla bæi og mér fannst eins og merin hefði gufað upp þar sem hún fannst hvorki dauð

né lifandi. Svo fyrir einhverja algjöra tilviljun, fyrir mánuði, fékk ég póst frá Bændasamtökunum um að merin hefði fyljast. Ég fékk auðvitað afrit af því þar sem ég er skráður eigandi.“

Þegar Björn fór að leita eftir upplýsingum um hver stæði fyrir þessari fyljun og væri eigandi gradhestsins sem um ræðir, kom í ljós að hvort tveggja er merkt Jakobí Jóhanni Einarssyni, hrossaflutningamanni að Hrísum í Húnavatnssýslu. „Það er örmerkingin sem kjaftaði frá. Það hefur aldrei verið skráð afkvæmi á merina eða nokkur skapaður hlutur í meira en tíu ár.“

Þegar Björn hafði samband við Jakob í kjölfar þessara upplýsinga fékk hann þau svör að Jakob kannaðist ekkert við að hafa hrossuna og enginn utanaðkomandi hefði komið með hrossu til fyljunar. „Hann sagði að hann væri með 100 merar þar sem hann væri

að selja hestablóð til fyrirtækja,“ segir Björn sem vísar til líftækni-fyrirtækisins Ísteka, sem hefur framleitt frjósemislyf sem ætlað er svinum og sauðfé og selt víða um heim. Hráefnið er próteinhormón sem finna má í blóði fullra mera, á fyrstu vikum meðgöngunnar.

„Karlinn gerir þessa vitleysu núna, að senda út fyljunarvottorð til þess að geta selt úr henni blóðið,“ segir Björn en hann hyggst kæra Jakob til lögreglunnar fyrir að hafa stolið eða leynt upplýsingar um hrossuna.

Illu umhirt og vannærð hross

„Ég sagði að það væri skritið að hann væri að selja blóð úr merinni minni sem er búinn að vera týnd í öll þessi ár, vegna þess að hann hlyti að sjá það þegar hann sendir skýslu með blóðinu hver ætti hana,“ segir Björn. „Jakob þóttist ekkert vita og sagðist ekki

hafa haft neina yfirsýn, vissi ekkert hvar hann hefði fengið hana. Hann spilaði sig fávítann, nema hann sé fávíti, en ég veit það svo sem ekki.“ Að sögn Björns hefur Jakob ekki svarað símtölum hans eða látið í sér heyra.

„Ég held að hann hafi ekki endilega stolið hrossunni, en fengið hana í braski og sennilega lofað að segja ekki til um hvar hann fékk hana, en hann veit 100 prósent að hann er með stolinn hest og sinnir því ekki að skila honum.“

Björn segir Jakob vera alræmdan slóða í hestabransanum, með Matvælastofnun á bakinu fyrir illa umhirt og vannærð hross.

„Þessi maður er með allt of mörg hross og ekkert hey ofan í þau. Ég hef margheyrt að búíð sé að banna honum að halda fjölda mera og það standi til að taka hross af honum út af vanfóðrun. Hrossin eru mörg grind-

„Karlinn gerir þessa vitleysu núna til þess að geta selt úr henni blóðið“

horuð hjá honum og illa til reika. Þess vegna hef ég svona miklar áhyggjur af Eldingu í hans höndum. Ég er búinn að missa tíu ár. Hún er orðin fimmtán vetra gömul núna.“

Þegar DV hafði samband við Jakob vildi hann ekki tjá sig um málið, en fullyrðir þó við blaðamann að hrossunni verði skilað þegar hún finnst í stóðinu. ■

Erum flutt í Faxafen 12

LOWE ALPINE BAKPOKI 18L
14.995 kr.



SALOMON XA PRO 3D HERRA SKÓR
19.995 kr.



PROVIDUS PRIMUS
4.995 kr.





ALPARNIR

Faxafen 12
108 Reykjavík

Sími 534 2727
alparnir.is

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

– Frábær heimilismatur í hádeginu –




HÁDEGISMATUR ALLA VIRKA DAGA

milli kl. 11.30 og 13.30

Komið til okkar eða við sendum til ykkar

SENDUM Í FYRIRTÆKI STÓR OG SMÁ

Opið virka daga 07.30- 15.00. Laugardag 09.00-14.00



Kænan Óseyrarbraut 2 220 Hafnarfjörður. Sími 5651550. www.kaenan.is info@kaenan.is

Íslendingaliðin í ensku úrvali

Enska úrvalsdeildin hefst um helgina og knattspyrnudeild DV, 433, mun fylgjast grannt með gangi mála. Þrjú Íslendingar leika með úrvalsdeildarliðum; Aron Einar Gunnarsson hjá Cardiff, Gylfi Sigurðsson hjá Everton og Jóhann Berg Guðmundsson hjá Burnley. 433 greinir stöðu liðanna þriggja, mikilvægi Íslendinganna innan þeirra og spáir fyrir um lokasæti.

CARDIFF CITY

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Það verður áhugavert að fylgjast með Cardiff City á leiktíðinni sem er að hefjast í ensku úrvalsdeildinni. Með liðinu leikur landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson og hefur gert undanfarin sjö ár eftir að hann var keyptur frá Coventry. Cardiff hafnaði í öðru sæti Championship-deildarinnar á síðustu leiktíð og tryggði sér því beint sæti í úrvalsdeildinni og slapp við umspil. Liðið komst síðast í úrvalsdeildina árið 2013 en féll ári síðar eftir afar slæmt gengi.



Cardiff á síðustu leiktíð:

Sæti: 2
Mörk skorud: 69
Mörk fengin á sig: 39
Skot að meðaltali í leik: 14
Gul spjöld: 82
Rauð spjöld: 1
Vel heppnaðar sendingar: 59,4%

Það er ljóst að Cardiff-menn eiga erfitt verkefni fyrir höndum í vetur og verður liðið að varast að gera ekki það sama og fyrir fjórum árum. Á fyrri hluta deildarkeppninnar tókst liðinu aðeins að vinna þrjú leiki sem kostaði félagið á endanum sætið í deildinni.

Neil Warnock er stjórnari Cardiff en hann er kannski þekktastur fyrir það að starfa í neðri deildunum. Warnock vill að sínir menn geri allt til þess að ná í stig þó að það sé aðeins eitt. Honum er alveg sama hvernig liðið fer að því, sem getur verið jákvaðtt.

Lykillinn:

Mikið þarf að ganga upp hjá Cardiff ef liðið ætlar að halda sér í deild þeirra bestu. Á síðustu leiktíð fengu leikmenn liðsins dæmd á sig 82 gul spjöld sem er áhyggjuefni fyrir þá. Leikmenn komast ekki upp með eins mikið í úrvalsdeildinni og í neðri deildunum. Warnock þarf því að hafa betri stjórn á sínum mönnum.

Vörninn mun eiga stóran þátt í gengi liðsins á leiktíðinni. Þeir Sean Morrison og Sol Bamba voru frábærir aftast þegar liðið tryggði sér sæti í efstu deild.

Óvist er hver mun skora mörkin fyrir Cardiff en liðið mun væntanlega treysta á Kenneth Zohore. Hann skoraði þó aðeins níu deildarmörk á síðustu leiktíð og tólf tímabilið áður.

Leikmenn Cardiff þurfa að spila sem ein liðsheilid enda litið um stjórnur hjá félaginu og ekki hægt að treysta á að einstaka leikmenn vinna leiki upp á sitt einskæmi með heimsklassa frammistöðu. Fyrst og fremst þarf varnarleikurinn að vera traustur og svo þarf að nýta föstu leikatíðin.

Aron Einar Gunnarsson:

Aron er ekki með fyrirlíðabandið hjá Cardiff en hann er samt fyrirliði. Hjálmar furðulega en er engu að síður staðreynd. Hann hefur verið hjá liðinu í sjö ár og á að baki 258 leiki fyrir liðið og hefur skorað 24 mörk. Fáir láta jafn mikið í sér heyra og þessi litríki miðjumaður sem er að sjálfsgöðu fyrirliði íslenska landsliðsins.

Cardiff-menn verða að treysta á að okkar maður haldist heill og hann mun þá væntanlega leika stórt hlutverk þegar liðið berst fyrir því að halda sér í efstu deild. Liðið þarf einmitt á leikmönnum eins og Aroni að halda. Það er aldrei neitt eftir á vellinum þegar flautað er til loka leiks.

Hægt er að fullyrða og hóta Cardiff því að ef Aron spilar ekki mikið í vetur þá muni liðið falla rakleidis niður um deild. En Warnock er mikill aðdáandi Arons og veit hversu mikilvægur hann er. Aron hefur sýnt það með landsliðinu að hann kann vel við að kljást við stærstu stjórnur heims sem Cardiff ætti að nýta sér og vonandi helst hann með sláus í vetur.

Tölfræði Arons á síðustu leiktíð:

Leikir: 20
Mörk: 1
Stoðsendingar: 1

Aron er í miklu uppáhaldi hjá stuðningsmönnum og leikmönnum Cardiff og var hann valinn besti leikmaður liðsins fyrir árið 2017 af báðum þessum hópum. Það segir mikið um framlag hans og mikilvægi.

Aron hefur einnig reynslu úr úrvalsdeildinni. Hann lék alls 23 deildarleiki þegar Cardiff var þar fyrir fjórum árum.

Staðan á leikmannahópnum:

Cardiff hefur ekki keypt mikið út á næsta ári. Á blaði er liðið hins vegar á leið beint niður og spáum við því að Cardiff endi tímabilið á botni deildarinnar, í 20. sæti.

Josh Murphy var keyptur frá

Norwich, Greg Cunningham frá Preston, Bobby Reid frá Bristol City og markvörðurinn Alex Smithes frá Queens Park Rangers. Þetta eru engar stórstjórnur og hafa hinir nýliðarnir, Fulham og Wolves, styrkt sig mun meira og eytt háum fjárhæðum í leikmenn.

Erfitt að sjá hvaðan mörkin eiga að koma. Markahæsti leikmaður liðsins á síðustu leiktíð var hinn fyrrnefndi Zohore sem gerði aðeins níu mörk. Það hefði einnig verið betra fyrir liðið að kaupa fleiri leikmenn með reynslu úr efstu deild og eins og er eru horfurnar ekki góðar.

Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að aðeins þrjú leikmenn hafa yfirgefið félagið og það er oft sagt að of margar breytingar skapi vandræði.

Leikmenn inn:

Josh Murphy (Norwich) – Keyptur
Greg Cunningham (Preston) – Keyptur
Alex Smithies (QPR) – Keyptur
Bobby Reid (Bristol City) – Keyptur

Leikmenn út:

Greg Halford – Samningslaus
Omar Bogle (Birmingham City) – Lán
Lee Camp (Birmingham City) – Lán

Spá fyrir tímabilið 2018/2019:

Því miður fyrir Aron þá er líklegt að Cardiff fari beint niður í Championship. Liðið er einfaldlega ekki með nógu góða leikmenn til þess að halda sæti sínu í efstu deild og margt þarf að ganga upp til að fall verði ekki raunin.

Möguleiki Cardiff liggur í jafntefnunum. Ef liðinu tekst að sækja nokkur dýr stig hér og þar er aldrei að vita hvernig taflan lítur út á næsta ári. Á blaði er liðið hins vegar á leið beint niður og spáum við því að Cardiff endi tímabilið á botni deildarinnar, í 20. sæti.



BURNLEY

Jóhann Berg Guðmundsson mun líklega koma reglulega við sögu hjá liði Burnley á tímabilinu í ensku úrvalsdeildinni. Jóhann hefur fest sig í sessi undir stjórn Sean Dyche hjá Burnley eftir að hann kom til félagsins frá Charlton Athletic árið 2016.

Fróðlegt verður að fylgjast með Jóa Berg og félagum hans á leiktíðinni en liðið hafnaði í sjöunda sæti deildarinnar á síðasta tímabili.

Burnley á síðustu leiktíð:

Sæti: 7
Mörk skorud: 36
Mörk fengin á sig: 39
Skot að meðaltali í leik: 9,9
Gul spjöld: 65
Rauð spjöld: 0
Vel heppnaðar sendingar: 70,5 %

Burnley hefur leikið vonum framar undanfarin tvö tímabil undir leiðsögn Dyche sem tók við liðinu árið 2012. Knattspyrnan sem hinir fjólubláa spila er ekki mikið fyrir augað en liðið nær árangri og sannaði það á síðustu leiktíð.

Ef líkja ætti íslenska landsliðinu við lið í ensku úrvalsdeildinni þá yrði það Burnley. Liðið er með stóra stráka innanborðs sem eru tilbúnir að „deyja fyrir klúbbinn.“

Lykillinn:

Burnley hóf síðustu leiktíð af krafti og liðið virkaði ósigrandi á köflum. Þetta sýndu þeir með því að vinna ótrúlegan 3-2 sigur á þáverandi Englandsmesturum Chelsea í fyrsta leiknum.

Eftir tap gegn West Bromwich Albion í annari umferð spilaði liðið sex leiki án þess að tapa en nokkrir þannig kaflar komu upp á leiktíðinni þar sem liðið var alltaf líklegt til þess að ná í stig.

Lykillinn að góðu gengi Burnley í vetur er skipulag og agaður varnarleikur. Liðið fékk aðeins á sig 39 mörk á síðustu leiktíð og til samburðar fékk stórlið Arsenal á sig 51 mark og Everton, sem endaði sæti neðar en Burnley, fékk á sig 58. Dyche fær leikmenn sína til þess að leggja allt í sölnurnar.

Jóhann Berg Guðmundsson:

Jóhann hentar leikstíl Burnley fullkomlega og mun hann leika stórt hlutverk á leiktíðinni. Íslenski landsliðsmaðurinn er ekki þekktur fyrir að skora mörg mörk en hann gerði alls tvö í deildinni á síðasta tímabili. Hann lagði hins vegar upp átta mörk fyrir liðið og átti alls 213 fyrirgjafir í 35 leikjum.

Það sem hentar Jóhanni hvað best er einfaldleikinn í leikstíl Burnley. Hann er kantmaður sem gerir einfalda hluti mjög vel og er með eittraðan vinstri fót, hvort sem hann er notaður til þess að skjóta að marki eða gefa á samherja.

Tölfræði Jóhanns á síðustu leiktíð:

Leikir: 35
Mörk: 2
Stoðsendingar: 8
Sendingar: 805
Fyrirgjafir: 213
Vel heppnaðar fyrirgjafir: 30%
Skot: 54
Skot á mark: 18

Útsdeildinni: 433 spáir í spilun

EVERTON

Jóhann er ekki aðeins framúrskarandi knattspyrnumaður heldur fellur hann vel að hugmyndafræði Dyche og það hefur sýnt sig. Jóhann hleypur mjög mikið fyrir sitt lið og gerir fá mistök í leikjum.

Hann leikur stórt hlutverk bæði varnar- og sóknarlega og verður að öllum líkindum fastamaður í liðinu á komandi tímabili.

Staðan á leikmannahópnum: Burnley hefur ekki styrkt leikmannahópinn mikið í sumari og kannski engin ástæða til eftir frábært tímabil. Dyche veit hvað hentar honum best og leitar iðulega til enskra leikmanna. 14 leikmenn í aðalliði Burnley eru enskir og aðeins sjö leikmenn eru ekki breskir. Jóhann er hluti af þeim fámenna hópi.

Liðið festi kaup á framherjanum Matej Vydra fyrr í sumari en hann spilaði síðast með Derby County og var öflugur markaskorari. Fróðlegt verður að sjá hvernig Vydra stendur sig því hann er ekki jafn hávaxinn og aðrir framherjar Burnley og hann býr einnig yfir meiri hraða. Kaupin á Vydra minna þó óþægilega mikið á kaup liðsins á Nahki Wells síðasta sumar. Wells skoraði grímt fyrir Huddersfield en kom aðeins níu sinnum við sögu hjá Burnley.

Ben Gibson er leikmaður sem mun eflaust hjálpa til varnarlega en hann var keyptur frá Middlesbrough í sumari og á að baki 185 deildarleiki fyrir liðið.

Leikmenn inn:

- Vinnie Steels (York City)** – Á frjálsri sölu
- Ben Gibson (Middlesbrough)** – Keyptur
- Joe Hart (Man City)** – Keyptur
- Matej Vydra (Derby County)** – Keyptur

Leikmenn út:

- Dean Marney** – Samningslaus
- Scott Arfield** – Samningslaus
- Tom Anderson** – Samningslaus
- Chris Long** – Samningslaus
- Josh Ginnelly** – Samningslaus
- Conor Mitchell (St. Johnstone)** – Lán
- Aiden Stone (Lancaster City)** – Lán

Spá fyrir tímabilið 2018/2019:

Það er erfitt að spá Burnley betra gengi en á síðustu leiktíð er liðið kom öllum á óvart og hafnaði í sjöunda sæti og vann sér inn þáttöku í Evrópu-deildinni. Ástríðan hjá leikmönnum Burnley er meiri en hjá flestum öðrum og er því ómögulegt að spá liðinu falli.

Ef allar hliðar eru skoðaðar er líklegt að liðið endi tímabilið um miðja deild eða í 11. sæti deildarinnar. Önnur lið hafa styrkt sig meira en Burnley í sumarglugganum en eins og áður kom fram eru fá lið með jafn þéttan og vel skipaðan hóp og Dyche og félagar.

Gylfi Þór Sigurðsson mun klæðast treyju númer 10 hjá Everton þegar enska úrvalsdeildin hefst á föstudag. Gylfi er að hefja sitt annað tímabil með þeim bláklæddu en hann kom til félagsins frá Swansea síðasta sumar.

Gylfi mun eflaust leika stórt hlutverk í liðinu á tímabilinu en Marco Silva er nú tekinn við stjórn liðsins og hann er aðdáandi íslenska landsliðsmannsins. Miklar væntingar eru gerðar til Everton sem hafnaði í áttunda sæti deildarinnar á síðasta tímabili.

Everton á síðustu leiktíð:

- Sæti:** 8
- Mörk skorud:** 44
- Mörk fengin á sig:** 58
- Skot að meðaltali í leik:** 9,4
- Gul spjöld:** 51
- Rauð spjöld:** 3
- Vel heppnaðar sendingar:** 74,3%

Everton spilar undir stjórn Marco Silva á leiktíðinni en hann tók við keflinu í sumari af Sam Allardyce. Gylfi hefur sjálfur staðfest að margar breytingar eigi sér stað hjá félaginu sem hefur haft þrjú knattspyrnustjóra á einu ári. Ronald Koeman fékk Gylfa til liðsins eftir slæma byrjun í fyrra. Þegar hann var rekinn tók Allardyce við.

Pressan er augljóslega mikil á Silva og félögum. Liðið hefur eytt fúlgum í leikmenn undanfarið en tvö tímabil og stefnan er sett á Evrópusæti í veturna. Everton hefur allt til að geta náð góðum árangri og spilað flottan fótbolta en sum þarf að breytast.

Helst ber að nefna frammistöðu liðsins gegn stórliðum deildarinnar. Liðið tapaði átta af tólf leikjum gegn „hinum stóru sex“ á síðasta tímabili og oftar en ekki var taplið stórt. Liðið fékk til að mynda á sig tíu mörk í tveimur leikjum gegn Arsenal.

Lykillinn:

Til að ná góðum árangri verður Everton að ná stöðugleika. Liðið byrjaði tímabilið vel í fyrra og vann 1-0 sigur á Stoke og gerði svo 1-1 jafntefli við Manchester City. En eftir það vann Everton aðeins einn af átta leikjum sínum, 2-1 sigur á Bournemouth í sjöttu umferð.

Mjög mikilvægt er fyrir Silva að slípa þetta lið saman á stuttum tíma en hann hefur ekki fengið mikinn tíma til að vinna með þessum leikmönnum í sumari. Ronald Koeman keypti marga leikmenn fyrir síðasta tímabil og það kom augljóslega niður á liðinu. Skipulagið var lítið og leikmenn þekktu hver annan ekki neitt. Gengi liðsins lagaðist töluvert eftir að Allardyce tók við liðinu af Koeman en fram að því var vonleysið algert.

Leikmenn eins og Gylfi, Richarlison, Theo Walcott, Cenk Tosun, Seamus Coleman, Lucas Digne og Michael Keane verða að stíga upp í leikjum liðsins og verður athyglisvert að sjá hvernig byrjunarliðið mun líta út í fyrstu umferð.

Gylfi Þór Sigurðsson:

Óhætt er að fullyrða að Gylfi Sigurðsson sé maðurinn sem á að koma Everton í Evrópusæti. Allir vita hversu góður knattspyrnumaður hann er. Gylfi getur skilað mörkum og stoðsendingum þó að hann hafi átt ansi rólegt fyrsta tímabil hjá liðinu.

Gylfi skoraði aðeins fjögur mörk í deild á sinni fyrstu leiktíð á Goodison Park og lagði upp önnur þrjú. Stöðugleiki hefur ávallt verið lykilatriði í leik Gylfa og breytingarnar hjá Everton síðasta sumar hjálpuðu honum ekki. Gylfi var oft notaður á vængnum eftir að Wayne Rooney kom frá Manchester United en það er ekki hans sterkasta staða. Vonandi áttar Silva sig á því.

Gylfi þarf að fá að vera aðalmaðurinn hjá liðinu. Hann ætti að taka allar auka-, horn- og vítaspurnur enda einn besti spyrnumaður deildarinnar. Um leið og hann finnur fyrir tiltrú og sjálfsstrausti kemst í gang þá stöðvar hann fátt því gæðin eru til staðar. Spil Everton á að fara í gegnum leikmenn eins og Gylfa sem kunna að búa sér til pláss og eru með eitriðan skot- og sendingarfót.

Tölfræði Gylfa á síðustu leiktíð:

- Leikir:** 27
- Mörk:** 4
- Stoðsendingar:** 3
- Sendingar:** 700
- Fyrirgjafir:** 150
- Vel heppnaðar fyrirgjafir:** 23%
- Skot:** 39
- Skot á mark:** 12

Gylfi ætti að smellpassa inn í hugmyndafræði Silva sem vill spila sóknjarfan fótbolta og skemmta áhorfendum. Ef hann breytir úr miklu og skiptir um leikkerfi í hverjum leik þá gætu skapast vandræði fyrir Gylfa og aðra leikmenn.

Staðan á leikmannahópnum:

Everton hefur losað sig við marga leikmenn í sumari en tveir góðir voru keyptir á háar upphæðir. Sóknarmaðurinn Richarlison var keyptur frá Watford en hann var frábær undir stjórn Silva þegar þeir unnu saman þar. Richarlison er aðeins tvítugur og var einn allra besta leikmaður Watford á síðustu leiktíð.

Everton keypti einnig bakvörðurinn Lucas Digne frá Barcelona. Hann lék áður með Lille, Paris St. Germain og Roma og hefur því mikla reynslu þrátt fyrir að vera aðeins 25 ára. Það er góður fengur fyrir liðið.

Fjölmargir leikmenn sem þóttu ekki standa undir væntingum á síðasta tímabili eru farnir annað. Má þar nefna Kevin Mirallas, Ashley Williams, Ramiro Funes Mori, Wayne Rooney og Davy Klaassen.

Leikmenn inn:

- Richarlison (Watford)** – Keyptur
- Lucas Digne (Barcelona)** – Keyptur
- Joao Virginia (Arsenal)** – Keyptur

Leikmenn út:

- Joel Robles (Real Betis)**



- Samningslaus
- Jose Baxter** – Samningslaus
- David Henen** – Samningslaus
- Ramiro Funes Mori** – Seldur
- Wayne Rooney** – Seldur
- Luke Garbutt (Oxford United)** – Lán
- Henry Onyekuru (Galatasaray)** – Lán
- Shani Tarashaj (Grasshopper Zurich)** – Lán
- Davy Klaassen (Werder Bremen)** – Keyptur
- Ashley Williams (Stoke City)** – Lán
- Antonee Robinson (Wigan)** – Lán
- Kevin Mirallas (Fiorentina)** – Lán

Spá fyrir tímabilið 2018/2019:

Ef Silva nær tókum á liðinu snemma og finnur sitt sterkasta byrjunarlið er útlitið afar bjart. Everton er með leikmannahóp sem á að spila í Evrópukeppni og er launakostnaður liðsins einnig mjög há.

Margir setja spurningarmerki við komu Silva en hann var rekinn frá Watford á síðustu leiktíð eftir að hafa misst klefann stuttu eftir að hann var orðaður við Everton sem leitaði þá að stjóra. Ef engin vandamál koma upp utan vallar og liðið nær að sýna stöðugleika þá er óhætt að spá liðinu sjöunda sæti deildarinnar.

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

**ÁLKLÆÐNINGAR
& UNDIRKERFI**

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR

MÁLMTÆKNI
ÁL • STÁL • PLAST

Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500

Barnaniðingur dásamaður í Morgunblaðinu

„MEGI HANN HVÍLA, Í LJÓSINU EILÍFA“

■ Viðurkenndi brot gegn þremur drengjum ■ Voru þolendur fleiri?

Helgi var mikið erlendis og starfaði þar með börnum.

Kristjón Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Séra Helgi Hróbjartsson er látinn. Hann starfaði um árabíl sem kristniboði og síðan prestur hér á landi. Vakti Helgi aðdáun og eftirtekt fyrir óeigingjarnt starf. Þegar ráðist var í gerð heimildarmyndar um Helga fékk hún nafnið Engill af himnum. Og það var alltaf líf í kringum Helga sem hafði einstakt lag á að tengjast fólki. Hann var óvenju vel af Guði gerður, hávaxinn herðabreiður og fríður sínum.

Þá var Helgi stærstur og sterkastur í sínum bekk á yngri árum og fylginn sér í leikjum. Hlátur hans var smitandi því hann sá gjarnan það skoplega í tilverunni. Helgi var einstakur og gæddur ótal hæfileikum á sviði tónlistar, hafði

„Ég á bággt með að trúá því að svona maður hætti bara

hann gáfu til að spila á harmóníku og píanó og syngja undurvel. Helgi var alinn upp á kristnu heimili þar sem kristniboðshugsjónin lögð skært og snemma drakk hann í sig hina heilnæmu kenningu og kristniboðshugsjónina. Helgi var einnig gæddur sérstakri náðargáfu að boða Guðsorð til vakningar og blessunar. Helgi hefur nú fullnað skeiðið og öðlast þann sigursveig réttlætis sem honum var geymdur á himnum. Mest má það þakka Guði sem gaf okkur Helga, megi hann hvíla í ljósinu eilífa.

Hann Helgi Hróbjartsson var eftirminnilegur maður. Og hann var líka barnaniðingur.

Lýsingar hér að ofan, allar nema sú síðasta um nið hans á börnum er að finna í hinum ýmsu minningargreinum í Morgunblaðinu sem birtar hafa verið í vikunni. Ekki er stafkrók um það að finna að Helga hafi árið 2010 verið vikið úr kirkjunni eftir að hafa játað kynferðisbrot gegn þremur piltum. Þau brot voru 25 ára gömul. Í minningargreinum Morgunblaðsins tíðkast yfirleitt ekki að

Helgi Hróbjartsson er dásamaður af vnum og kunningjum í Morgunblaðinu. Hann viðurkenndi að vera barnaniðingur og að hafa brotið á þremur börnum.



segja frá syndum fólks, um slíkt er talað undir rós. Ef hinn látni framdi voðaverk er oftast talað um það undir rós, jafnvel sagt að lífi hans hafi skipst á skin og skúrir. Ekkert slíkt er að finna í minningargreinum um niðingsprestinn Helga Hróbjartsson. Á síðum Morgunblaðsins er ekki einn regndropa að finna, ekki ský á himni, aðeins endalaust sólskin. Í minningargreinum um Helga Hróbjartsson ríkir fegurðin ein, en niðingspresturinn viðurkenndi sjálfur að hafa brotið á þremur börnum. Það átti eftir að koma á daginn að málin voru fleiri.

Játaði fyrir fagráði

DV fjallaði ítarlega um kynferðisbrot séra Helga árið 2010. Á haustmánuðum það ár játaði Helgi fyrir fagráði kirkjunnar að hafa brotið á börnum. Í umfjöllun DV sagði að málið hefði verið mönnum sem þekktu til Helga mikið áfall enda var hann ekki þekktur fyrir annað en óeigingjarnt starf og ósérhlífni heima og erlendis. Á Íslandi starfaði hann sem prestur í Þorlákshöfn, Hrísey og á Akureyri. Það var á Norðurlandi sem Helgi braut á börnum. Erlendis var Helgi trúboði um árabíl í Eþíópíu en líka Senegal. DV ræddi einnig við mann sem átti vin sem var misnotaður af Helga, þegar hann var 15 ára í ferð á vegum kirkjunnar.

„Hann lýsti því þannig að presturinn hefði komið inn til hans um miðja nótt, skriðið undir sængina hjá honum og átt eitthvað við hann. Hann hefði svo vaknað við það að hann væri að á káfa á honum.“

Nokkrum árum síðar eftir mikla vanlíðan framdi maðurinn sjálfsmorð. „Það er ekki hægt að rekja

sjálfsvigið beint til þessa atviks, en það hefur ekki hjálpað til. Þessi strákur var með brotna sjálfsmynd og veikur fyrir. Svona krakkar verða helst fyrir þessari reynslu. Þeir eru auðveldasta bráðin. Hann var feiminn, óöruggur og inn í sig. Hann átti oft erfitt,“ sagði viðmælandi DV og bætti við á öðrum stað: „Kynferðislegt ofbeldi hefur auðvitað áhrif á fleiri en þá sem verða fyrir ofbeldinu, þetta hefur áhrif á alla sem vita af því. Nú er vinur minn dáinn og þá finnst mér það einhvern veginn of seint fyrir mig að fara að skipta mér af þessu máli. Þetta er bara ömurlegt allt saman. Ég fæ alveg kökk í hálsinn þegar ég tala um þetta.“

Svona maður hættir ekki

Barnaniðingar eru oft hvers manns hugljúfi út á við og búa yfir kænsku til að dyljast. Þeir eru úlfar í sauðargæru. Þolendur Helga eru eflaust mun fleiri, en þekkt er að aðeins brot af þeim sem beittir eru hinu skelfilega ofbeldi hafi styrk til að leita réttar síns. Kvaðst vinur mannsins sem Helgi braut á vera sannfærður um að þolendur væru fleiri.

„Enda viðurkenndi hann brot sín gagnvart hinum piltunum þremur fyrir fagráðinu. Þú sérð það að vinur minn var ekki einn þeirra. Ég á bággt með að trúá því að svona maður hætti bara. Það sem við vitum núna er líklega bara toppurinn á ísjakanum og ég myndi gjarna vilja sjá yfirvöld setja af stað rannsókn á slóð hans. Kanna það hvort það séu fleiri fórnarlömb þarna úti eða ekki.“ ■



Dropi af náttúrunni

Kaldunnin þorsklifrarólía
Íslensk framleiðsla

60



120/180



220 ml



„Fyrir mér er Dropi heilindi og lífsorka“

Banani greip æpli



Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuátak
framundan?

Ávextir í áskrift kosta um
550 kr. á mann á viku
og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.



www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110

Af hverju er Donald Trump svona mikið í nöp við Þýskaland?

■ Merkel framhald af Obama ■ Afstaðan í Bandaríkjunum að breytast

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá mörgum að Donald Trump virðist ekki vera neitt sérstaklega hlýtt til Þýskalands og Angelu Merkel kanslara. Hann hefur ekki farið leynt með þessar tilfinningar sínar og skoðanir og sett þær fram bæði í ræðu og riti. Má þar nefna ummæli hans um að Þjóðverjar séu háðir orku frá Rússlandi og séu þar með eiginlega á valdi Rússa. Hann hefur sagt að Þýskaland er að eyðileggja Þýskaland. Flóttamannamálin hafa heldur ekki farið fram hjá honum en hann hefur haldið því fram að glæpatíðnin í Þýskalandi hafi aukist mikið í kjölfar þess að um ein milljón flóttamanna kom til landsins 2015.

Oftast setur hann gagnrýni sína fram á uppáhaldsvettvangi sínum Twitter, en hann hefur einnig látið ýmis ummæli um Þýskaland og Þjóðverja falla á fundum. Hann á meira að segja erfitt með að halda aftur af sér þegar hann ræðir við Merkel í síma að sögn The New York Times sem segir að í símtölunum við Merkel komi oft fyrir að þau nái varla að skiptast á hefðbundnum kurteisiskveðjum áður en Trump byrjar að ræða um útgjöld Þjóðverja til varnarmála eða viðskiptajöfnuð ríkjanna.

En það eru ekki aðeins tölur sem eiga hlut að máli hvað varðar andstöðu Trumps við Merkel og Þýskaland. Það er ekki síður Merkel og persónuleiki hennar sem og heimssýn sem fer í taugarnar á Trump að mati sérfræðinga.

Merkel segir það rétt að við-



skiptajöfnuður ríkjanna sé hagstæður Þjóðverjum. Þegar þau ræða saman segist hún reyna að fá Trump til að líta einnig til þjónustu sem ríkin veita hvort öðru en þá kemur nýtt sjónarhorn á hlutina

að hennar sögn. Sumir telja að skapferli leiðtoganna tveggja sé svo ólíkt að þeir eigi einfaldlega enga samleið og það kyndi jafnvel undir gagnrýni og meintri andúð Trumps á Þýskalandi og Merkel.

Ein af ástæðunum fyrir þessari óánægju hans með Þýskaland er hversu hagstæður viðskiptajöfnuður Þýskalands er í viðskiptum ríkjanna tveggja. Í hans augum eru Þjóðverjar ósanngjarnir.

eða framhald á heimsmynd Baracks Obama og það kyndi undir andstöðu hans við Þýskaland og það sem þýskt er.

Könnun sem Pew Research Center gerði á síðasta ári sýndi að rúmlega helmingur Bandaríkjamanna taldi að Merkel stæði sig vel í starfi hvað varðar alþjóðamál. En frá 2012 hafa viðhorf repúblikana og demókrata til Merkel breyst. Árið 2012 var nær enginn munur á viðhorfum stuðningsmanna flokkanna. En á síðasta ári höfðu 64 prósent demókrata trú á Merkel en aðeins 50 prósent repúblikana, svo viðhorf Trumps virðast að einhverju leyti hafa smitast út til stuðningsmanna repúblikanaflokksins.

Hvað gerist í framtíðinni?

Þýskir stjórnmálamenn velja eðlilega fyrir sér hvort sambandið við Bandaríkin muni batna þegar Trump lætur af embætti. Sumir telja að Þjóðverjar og Evrópa í heild þurfi einfaldlega að venja sig við að Evrópa verður ekki lengur eins mikilvægur hluti af utanríkisstefnu Bandaríkjanna og áður og að Evrópa fái sífellt minni stuðning. Þetta fær stuðning í að Obama horfði í kringum sig í sinni forsetatíð og einblíndi ekki á Brussel. Á valdatíma hans spurðu Bandaríkjamenn einnig um framlög Evrópu til NATO og hvers vegna þau væru ekki hærrí.

Aðrir telja að stefna Trumps muni á endanum styrkja hina frjálslyndu heimsmynd vegna sífelfdrar andstöðu hans við hana. Þannig hafi orð hans og gerðir þveröfug áhrif við það sem hann ætlar. ■

Obama blandast í málið

Trump er tilfinningaríkur og telur sig vera „sterkan mann“ eins og Pútín og það virðist ekki fara vel saman við hversu litlar tilfinningar Merkel sýnir, hversu raunsæ hún er og hve mikið hún heldur sig við staðreyndir. Þetta virðist ergja Trump sem er vanur að spila inn á tilfinningar fólks. Þá er ljóst að Trump er mjög í nöp við Barack Obama, forvera sinn á forsetastóli, og nýtir hvert tækifæri til að vinna gegn því sem Obama stóð fyrir og hratt í framkvæmd í forsetatíð sinni. Á valdatíma Obama var Þýskaland talið náinn bandamaður Bandaríkjanna en sú staða breyttist snögglega þegar Trump tók við embætti. Obama hafði og hefur væntanlega enn háar hugmyndir um Merkel og telur að hún berjist fyrir sameiginlegum frjálslyndum hugmyndum þeirra beggja. Obama hvatti Merkel til að bjóða sig fram á nýjan leik í kjölfar sigurs Trumps í forsetakosningunum og hefur Merkel viðurkennt að kjör Trumps hafi verið ein af ástæðunum fyrir að hún bauð sig fram á nýjan leik. New York Times hefur til dæmis stillt henni upp sem nýjum leiðtoga hins frjálsa heims en Trump hefur lagt mesta áherslu á Bandaríkin á forsetatíð sinni og dregið Bandaríkin út úr ýmsu alþjóðlegu samstarfi. Ekki er því ólíklegt að Trump líti á Merkel sem einhvers konar framlengingu

ÚTSALA

20-70% AFSLÁTTUR

Jakson sófi frá Dawood
Verð: 44.030
Verð áður: 62.900

Rúm, borð, stólar
sængur, koddar,
sófar, gjafavara ofl.



Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbot 4 - Akureyri

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Ungmennin sem féllu frá langt fyrir aldur fram FIKT GETUR SKILIÐ MILLI LÍFS OG DAUÐA

■ Neyslumynstur ungmenna breytt ■ Lyfseðilsskyld lyf orðin algengari

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Um 25 ungmenni hafa látist í ár vegna eiturlýfjaneyslu samkvæmt upplýsingum frá Landlækni, neyslumynstur ungmenna er að breytast og auðvelt er fyrir ungmenni að ná sér í lyf og fíkniefni í gegnum samfélagsmiðla og snjallsíma. Staðalmyndin um hinn dæmigerða fíkniefnaneytanda er líka breytt, auk þess sem leitarbeiðnir og nauðungarvistun barna og unglinga í vanda er að aukast.

Bládamadur ræddi við mæður barna sem fallin eru frá langt fyrir aldur fram vegna neyslu á lyfseðilsskyldum lyfjum, móður ungs manns sem svipti sig lífi eftir að hafa verið neitað um hjálp á geðdeild, bróður ungs manns sem framdi sjálfsvíg eftir langvarandi neyslu, og Guðmund Fylkisson lögreglumann sem finnur „Týndu börnin“ og færir þau heim.

Sú staðalmynd hefur lengi loðað við börn og ungmenni sem eru að prófa fíkniefni eða eru í neyslu að um sé að ræða vandræðabörn

frá brotnum heimilum, sú er þó ekki raunin. Guðmundur Fylkisson sem hefur í fjögur ár leitað að „Týndu börnunum“, börnum sem velja að yfirgefa heimili sitt og fjölskyldu og fara huldu höfði af einhverri ástæðu, segir börnin vera þverskurð af íslensku samfélagi. Vissulega komi einhver þeirra af brotnum heimilum og hafi átt erfitt uppdráttar alla sína æsku, en meirihlutinn sé venjuleg börn frá venjulegum heimilum, þar á meðal afrekskrakkar í íþróttum.

Sama á við um ungmennin sem látist hafa í ár vegna neyslu lyfseðilsskyldra lyfja, meirihluti þeirra er venjuleg börn af venjulegum heimilum, börn sem hafa ekki neyslusögu að baki, ungmenni sem stunduðu nám og vinnu, áttu vini og fjölskyldu að, áhugamál og drauma, en fikt skildi milli lífs og dauða hjá þeim.

Upplifði fordóma annarra hjá sjálfri sér

„Þegar dóttir mín lést þá var hún fyrsti einstaklingurinn í stórfjölskyldunni sem prófaði fíkniefni og ég fann hjá sjálfri mér þvílíka for-

dóma gagnvart því og varð hrædd um að umræðan yrði að hún væri bara enn einn dauður dópisti, ég held að fordómar mínir pínulítið endurspegli fordóma annarra,“ segir Kristín Frímansdóttir, móðir Ingibjargar Melkorku Ásgeirsdóttur, sem lést sautján ára gömul, eftir að hafa prófað fíkniefni í fyrsta sinn.

Kristín segir dóttur sína hafa átt erfitt uppdráttar í skóla, hún varð fyrir einelti meðal annars vegna sérstakra áhugamála. Hún var ein af þeim sem pössuðu ekki inn í skólakerfið, en afburðanemandi í því sem hún hafði áhuga á. „Hún var heilluð af göldrum og öllu dulrænu og það stuðaði einhverja krakka í kringum hana sem skildu þetta ekki. Hún skipti um skóla og eignaðist nýja vini þar og ég vil meina að líf hennar hafi snarbatnað við það, en hún var brennd af fyrri reynslu. Hún mætti oft engum skilningi á því hvernig hún var, hún var afburðanemandi en fékk aldrei að njóta sín sem slíkur.“

Ingibjörg lést þegar hún var að klára fyrsta árið í menntaskóla, hún var til í að prófa að storka líf-



Ingibjörg Melkorka Ásgeirsdóttir 08.03.1998–02.06.2015

„Ingibjörg Melkorka var tekin frá okkur á hrikalegan og ógnvekjandi hátt sem erfitt er að átta sig á. Hún var manneskja sem hefur skilið eftir djúp spor í sálu þeirra sem þekktu hana og mun ávallt lifa í hjörtum okkar. Ingibjörg fór alla tíð sínar eigin leiðir og hafði sérstaka sýn á heiminn. Það var alltaf sterkt í henni listamaðurinn, bókaormurinn, dýravínurinn og spekingurinn. Við bökkum fyrir þessa kosti hennar því hún skilur eftir sig bæði ljóð og myndir sem sem færa okkur nær henni.“ Úr minningargrein systra Ingibjargar.

inu og dauðanum að sögn móður hennar, sem telur það vera ástæðu þess að dóttir hennar ákvað að prófa fíkniefni. „Hún var búin að missa aðeins virðinguna fyrir sjálfri sér og vildi taka sénsinn.“

Kvöldið sem Ingibjörg lést fór hún út, keypti e-töflur og lést eftir að hafa innbyrt eina og hálfu e-töflu. Hún er sá Íslendingur sem hefur dáðið með minnst efni í blóðinu. „Maður man það sem unglundur að maður hafði þörf fyrir að prófa. Að sumu leyti er þetta kannski unglingsfíkt og þessi bjargfasta trú að það komi ekkert fyrir mig,“ segir Kristín, sem telur að koma þurfi fræðslu inn í skólana, en einnig til foreldra um hversu alvarleg neysla fíkniefna er.

„Við sem eigum börnin verðum að vera meðvitund um heiminn sem þau eru í svo við getum frætt þau verndað og varið, við trúum stundum ekki hvað er í gangi hjá þeim.“

Féll aftur sama kvöld og vinkona hennar fyrirfór sér á Vog

Í sama streng tekur Hildur Hólmfríður Pálsdóttir, móðir Ölmú Maureen Vinson, sem lést í október árið 2014 eftir að hafa tekið inn of stóran skammt af morfinlyfinu Contalgin. Hún var þá aðeins 15 ára gömul og var búin að vera í neyslu í þrjú ár. Hildur hefur gagnrýnt úrræðaleysi í samfélaginu gagnvart ungmennum í sömu stöðu og dóttir hennar var í og telur fræðslu í skólum ábótavant og að hún þurfi að byrja mun

fyrir, jafnvel um 12 ára aldur.

Fyrir andlát hennar var Alma nýbyrjuð í vinnu og búin að skrá sig í Fjölbaut í Ármúla, en hætti fljótlega. Alma var búin að fara nokkrum sinnum inn á Vog, hún er með þeim yngstu sem hafa farið þangað, en hún var 13 ára þegar hún fór í fyrsta sinn. „Þegar hún var 14 ára þar í meðferð þá neitaði hún að vera þar lengur og ég fékk samtal um að sækja hana og ég spurði hvort hún gæti bara ráðið því 14 ára.“

Alma kláraði síðustu meðferð sína þremur vikum fyrir andlát sitt,“ segir Hildur: „Það var búið að lofa henni plássi á Vík en hún var svikin um það. Hún var svo mikill fíkill að ég held að meðferð þar hefði bara lengt líf hennar, ég hugsa að hún hefði engu að síður farið svona. Alma kom út af Vogu sama kvöld og önnur ung stúlka fyrirfór sér þar. Andlát hennar fréttist strax í undirheimunum og Alma fór klukkutíma síðar, keypti sér efni og féll.“

Eftir andlát dóttur sinnar hefur Hildur boðið skólum upp á fræðslu, en hún segir nánast enga fræðslu í boði fyrir utan Maritafræðsluna, en hún segir þá fræðslu ólíka sinni. Hún ætlar að halda áfram að bjóða upp á fræðsluna í vetur. „Ég mæti með fyrirlestur, glærur og myndir og sýni myndir af kistunni með þeim orðum að svona geti þetta endað. Ég vil helst hafa lítinn hóp, mesta lagi 1–2 bekkir. Krakkarnir spyrja margra spurninga. Ég var beðin um að ▶

Happy Life hundafóður á 30% afslætti



15 kg. poki á aðeins 4.029 kr.

Fullt verð 5.757 kr.

gæludýr.is

www.gaeludyr.is

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR ÚTVÖRÞ BÍLTÆKI
HÁTALARAR PRÁÐLAUSIR SÍMAR
DVD SPILARAR SJÓNVÖRÞ MYNDAVÉLAR
BÍLHÁTALARAR HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

ÚTSAALA

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR PVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR PURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti

65" LG sjónvörp frá 139.995

Pvottavélar frá 29.995

Philips sjónvörp með allt að 200.000 kr afslætti

Matvinnsluvélar með allt að 50% afslætti

55" sjónvörp frá 49.995

Whirlpool ofnar með allt að 50% afslætti

Sous Vide tæki frá 9.995

Spansuðu helluborð frá 26.995

LG tvöfaldir stál kælikápar frá 149.995

Philips heyrnartól með allt að 60% afslætti

*Sjá allt úrvalið
á ht.is*

**OPIÐ ALLA
HELGINA!**




Heimilistæki

www.ht.is

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT VIRKA DAGA
FRÁ 10-18, LAUGARDAGA 11-16
OG SUNNUDAG 13-17.

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

LG CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON BEKO scan domestic wilfa
Melissa Ariete elna VESTFRÖST iRobot MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO OBH NORDICA



Alma Maureen Vinson 07.10.1998–03.10.2014 „Aldrei í lífinu hélt ég að ég ætti eftir að gera þetta, að sitja heima með tárin í augunum að skrifa minningargrein um dóttur mína. Elsku litli fallegi engill, það eru engin orð sem fá því lýst hversu mikið við söknum þín. Núna er allt svo hljótt, enginn söngur úr herberginu þínu, enginn gítarleikur, og ekkert verið að kalla á mömmu sína til að biðja hana um að koma með eitthvað. Að koma að barninu sínu látinu í rúminu sínu er ekki það sem nokkur getur hugsað sér að eiga von á, við stóðum hérna agndofa, ég og bróðir hennar, skelfingin var svakaleg. Af hverju þú sofnadír svefninum langa fáum við ekki að vita strax en sjálfsagt er ekki hægt að kveðja þetta líf á fallegri máta. Lífið hafði ekki alltaf verið dans á rósum en þú gerðir allt sem þú gast til að halda þínu striki. Framtíðarplönin voru alveg á hreinu, að klára skólann með sálfræði og félagsfræði sem aðalfrög, stofna svo meðferðarheimili fyrir börn sem hafa lent í vandræðum, því þú vildir ekki að neinn þyrfti að ganga í gegnum það sem þú varst búin að gera.“ Úr minningargrein Hildar móður og Stefáns bróðir Ölmú.



Steindór Smári Sveinsson 03.08.1986–13.06.2018 „Þá er síðasta kafla í lífi bróður míns lokið. Hann var jarðsöngurinn í dag umkringdur fjölskyldu og vinum. Athöfnin var afburða falleg rétt eins og drengurinn sem við kvöddum í hinsta sinn. Þakkir til allra sem sáu sér fært að kveðja hann með okkur.“ Daníel Örn Sigurðsson, bróðir Steindórs Smára.



Kristján Steinþórsson 28.01.1992–09.06.2018 „Ég á erfitt með að trúá þessu en ætla mér að læra að lifa með sorginni. Þið sem þekktu hann vissuð að þar var á ferð einstakur drengur, ljúfur og góður, afburða greindur og skemmtilegur. Við höfum ákveðið að tala opinskátt um hann og hans líf. Mögulega er hægt að opna augu einhverra með því. Hvíldu í friði elsku drengurinn minn. Ég mun alltaf elska þig af öllu hjarta,“ segir Dagbjört Þórunn Þráinsdóttir, móðir Kristjáns.



Guðrún Andrésdóttir 07.09.1989–10.11.2017 „Guðrún var ung kona sem átti allt lífið framundan, hún lést af völdum lyfjæitrunar lyfseðilsskyldra lyfja, aðeins 28 ára gömul. Andlát hennar kom okkur algjörlega í opna skjöldu. Guðrún var róleg og yfirvegð ung móðir í námi, hún átti sitt heimili og sína framtíðardrauma. Hún var heimakær og var lítið fyrir skemmtanalífið. Áhugamálin hennar voru að vera úti í náttúrunni eða að vera heima og horfa á góðar myndir í rólegheitum. Hún var með smitandi hlátur og mikill hómoristi, hafði hlýja og góða nærveru og var tilfinningarík og trygglynd. Hún var góður vinur vina sinna og góð systir sem hafði alltaf tíma til að hlusta. Hún var á þeim stað þegar hún lést, þetta var svo stuttur aðdragandi. Í dag eigum við kærleiksrikar minningar um Guðrúnu sem fór allt of fljótt, fór í blóma lífsins og skildi eftir sig þriggja ára yndislegan son,“ segir Fanney Halldóra Kristjánsdóttir, móðir Guðrúnar.

en það dugði aldrei. Þetta stóð og féll með honum og því miður féll þetta með honum á endanum,“ en eftir að hafa neytt mikils magns fíkniefna fór Steindór Smári og hengdi sig í bílakjallara. „Hengingin var afleiðingin, en lyfin voru orsök. Hann sprautaði sig með öllu sem hann komst í. Lyfin hefðu sigrað hefði hann ekki svipt sig lífi.“

Daníel Örn gerði myndband í tilefni þess að Steindór Smári átti afmæli og tengdi það forvarnarátaki fjölskyldu Einars Darra Óskarssonar, Ég á bara eitt líf. „Ég veit að þetta er eitthvað sem Steindór Smári hefði viljað, að hans dauði yrði ekki til einskis. Að hann myndi hafa einhver áhrif á aðra. Mér finnst dauði hans ekkert tabú. Það til dæmis kemur aldrei fram í dánartilkynningum ef einhver deyr vegna baráttu við fíkniefni eða vegna sjálfsvígs. Það þarf að tala um þessi mál opinberlega. Það eykur skilning fólks og er aukin forvörn og fræðsla.“

Kom alls staðar að lokuðum dyrum þegar hann leitaði sér hjálpar

Kristján Steinþórsson barðist við þunglyndi og önnur andleg vandamál frá barnæsku. Hann fannst látinn í herbergi sínu í júní síðastliðnum, en hann svipti sig lífi eftir að hafa ítrekað mætt lokuðum dyrum þegar hann leitaði sér hjálpar.

„Það virðast ekki vera til úrræði fyrir þetta fólk. Það þarf að vera hægt að grípa fólk sem lendir í andlegri krísu áður en það fer að reyna að lækna sig sjálf með því að reykja gras og prófa hin og þessi efni til þess að deyfa sársaukann,“ sögðu Dagbjört Þráinsdóttir, móðir Kristjáns, og systir hennar, Andrea, í viðtali við DV í lok júní.

Á sínum yngri árum var Kristján afburða nemandi, sá besti í skólanum, og hafði allt til brunns að bera til að eiga gæfuríkt og gott líf en kerfið brást honum á öllum stígum. Hann átti fjölskyldu sem studdi hann og var vinsæll meðal allra sem kynntust honum.


Kristján hafði glímt við þunglyndi, kvíða og félagsfælni um langt skeið og sautján ára fór hann að leita í fíkniefni til að deyfa sársaukann. Í kríngum jólin árið 2017 var hann farinn að leita í harðari efni og sökk hratt niður í dýpi þunglyndis og fíkniefnaneyslu. Þegar hann grátbað um aðstoð á sinni myrkustu stund mætti honum sinnuleysi og hroðvirknisleg vinnubrögð. Afleiðingin er sár, bæði fyrir fjölskyldu hans og vini og samfélagið allt.

„Við vorum alltaf mjög nán og töluðum opinskátt um allt og þar voru veikindi hans ekki undanskilin. Það voru gerð endalaus mistök á geðdeildinni. Kristján átti að fara á biðlista en hann var búinn að mæta þrisvar sinnum þegar í ljós kom að hann hafði aldrei verið settur á biðlista og hann var alltaf sendur heim eftir það. Þennan dag áttu þeir að hafa samband við hann en þeir hringdu ekki þannig að hann hringdi sjálfur. Þá fékk hann þær fréttir að hann þyrfti að biða í einhverja daga til viðbótar.“

Þá var hann búinn að gefast upp og missa alla von. Hann vildi komast inn núna og sagði konunni sem hann talaði við að hann gæti ekki beðið lengur.“

Kristján komst loksins inn á geðdeild Landspítalans og var þar í eina viku. Eftir þá dvöl átti hann að komast í fíknimeðferð á Teigi og var bjartsýnn á að komast þar inn. Taka átti einn hóp inn á Teig áður en sumarfríin hefðust og meðferðarheimilinu yrði lokað ▶

STAFRÆN PRENTUN Á AUGABRAGÐI



- ▶ NAFNSPJÖLD
- ▶ BRÉFSEFNI
- ▶ UMSLÖG
- ▶ BÆKLINGAR
- ▶ PLAKÖT
- ▶ TÆKIFÆRISKORT
- ▶ MATSEÐLAR
- ▶ O.FL O.FL.

PAPPÍR

S. 565 2217 - pappir@pappir.is - Kaplahraun 20 - 220 Hanarfrjörður


gera fyrirlestur fyrir foreldra líka og þá hugsaði ég hann út frá því sem ég hefði viljað vita, ég er með myndir af augum, hvernig þau líta út þegar barnið er í neyslu. Einnig nefni ég atriði eins og það að matskeiðar fóru að hverfa, ég taldi að þær hefðu bara týnst, en þá var Alma að nota þær í neyslunni.

Vinir Ölmú hafa sumir hætt í neyslu, nokkrir eru látnir og aðrir eru enn í bullandi neyslu. Ég er stundum hrædd á hverjum einasta degi um að einhver vinur hennar sé farinn.“

Lyfin hefðu sigrað hefði hann ekki svipt sig lífi

„Það er sorglegt að eins mikill fíkill og bróðir minn var að hann var mjög góð manneskja. Hann stal aldrei frá fjölskyldu eða vinum og það eru margir sem lifa góðu lífi í dag, sem voru fíklar en hann náði að aðstoða úr neyslu. Hann vissi hvernig átti að gera þetta, en þráhyggjan var svo mikil að hann náði ekki að bjarga sjálfum sér, þótt hann hafi bjargað mörgum öðrum,“ segir Daníel Örn Sigurðsson, bróðir Steindórs Smára Sveinssonar, sem svipti sig lífi í júní eftir langvarandi neyslu, þar á meðal á lyfseðilsskyldum lyfjum.

Steindór Smári byrjaði í neyslu 14 ára gamall, var kominn í harða sprautuneyslu tvítugur og náði sér aldrei úr neyslunni. „Hann var edrú af og til í einhverja mánuði,



Normx ehf. hefur sett framleiðslu sína á smáhýsum í sérstakt fyrirtæki sem hlotið hefur nafnið Húseining ehf. Húseining mun framleiða smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1. Vogum. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is

Við framleiðum:

Smáhýsi frá 14,99 - 39,9 m²

Sumarhús frá 67 - 111 m²

Einbýlishús frá 161 - 400 m²

Smart Einbýli 73 m²

Parhús frá 200 - 333 m²



Raðhús frá 55 - 120 m²

Forsteypta sökklá

Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is





Einar Darri Óskarsson 10.02.2000–25.05.2018 „Ég veit líka að alltaf þegar verður gleðidagur hjá mér, þá mun hann verða smá sorgardagur um leið. Eins og þegar ég gifti mig, eignast börn, ég hef alltaf séð Einar sem hluta af því. Ég mun gráta af því að hann er ekki með, en ég verð bara að leyfa því að gerast því ég mun alltaf sakna Einars. Ef ég loka alveg á sorgina þá er ég hrædd um að góðu minningarnar fari líka og ég vil frekar eiga slæma daga af og til, en að loka á minningarnar. Maður býst ekki við að einhver svona ungur muni deyja,“ segir Aníta Rún, systir Einars Darra sem lést á heimili sínu eftir neyslu róandi lyfja.

í heilan mánuð. En þegar honum var tjáð að hann hann kæmist ekki inn fyrr en í haust var það slíkur skellur að hann byrjaði aftur í harðri neyslu

„Það varð honum mikið áfall þegar hann frétti að hann myndi ekki byrja í meðferð fyrr en í ágúst. Fyrir fíkil get ég ímyndað mér að honum hafi fundist það heil eilífið. Þetta kvöld féll hann og aðeins fjórum dögum seinna komum við Viktor, litli bróðir hans, að honum látnum í herberginu hans. Ég veit ekki hvað varð til þess að hann lést en lækurinn sem kom á staðinn taldi að það væri hjartaáfall þar sem engin merki væri um mikla neyslu á staðnum og hann virðist hafa látist mjög snögglega. Hann sat á rúminu sínu með matarbakka á hnjánum og gaffal sér við hlið. Að sögn læknisins sem krufði hann beindist grunur helst að einhvers konar ofneyslu. Í mínum huga finnst mér það í rauninni ekki skipta máli hver ástæðan er. Hann er farinn frá mér og ég veit að hann þjáist ekki lengur,“ segir

móðir hans.

„Við vorum alveg vissar um að hann vildi hætta í neyslu því hann var nýbúinn að segja við móður sína að hann væri svo spennur og hlakkaði svo til að sýna okkur að hann gæti orðið edrú,“ segir Andrea.

Aðstandendur ungmennanna sem fallið hafa frá langt fyrir aldur fram hafa valið að koma fram með myndir og sögur ástvina sinna, til að sýna að þau eru ekki bara tölur á blaði, heldur ungt og fallett fólk sem var elskað af fjölskyldu og vinum. Mörg þeirra leit-uðu sér hjálpar sem ekki var í boði, sum eiga neyslusögu að baki meðan önnur fiktudu bara einu sinni. Margir eiga um sárt að binda eftir andlát þeirra, en vilja eigi að síður koma fram opinberlega til að standa saman með öðrum aðstandendum, opna umræðuna og halda henni vakandi og knýja á um breytingar í fræðslu, forvörn-um og meðferðarúræðum. ■

Týndu börnin eru þverskurður af íslenska samfélaginu

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Guðmundur Fylkisson lögreglumaður hefur í fjögur ár leitað að „Týndu börnunum“. Verkefnið hófst sem eins árs tilraunaverkefni í nóvember 2014, en er nú orðið fast verkefni, þar sem Guðmundur sinnir einn leitinni, en hefur sér til aðstoðar lögregluna í heild sinni.

„Þegar barn týnist er ferlið þannig að foreldri snýr sér til barnaverndarnefndar sem sendir lögreglunni formlega beiðni um leit. Þá fer í gang ákveðið ferli, barnið er skráð eftirlýst í okkar kerfi, þannig að ef einhvers staðar eru höfð afskipti af barninu þá sést að verið er að leita að því,“ segir Guðmundur, sem segir leitina oftast byrja á að hann reyni að ná sambandi við barnið með því að hringja eða senda því sms. „Ég hringi í vini og kunningja, fer af stað að leita eða sit kyrr og bíð eftir að barnið geri vart við sig.“

Í sumum tilvikum skilar barnið sér heim þegar það sér að leit að því er hafin, „það er kannski einhver pirringur búinn að vera í gangi heima fyrir, svo þegar þau sjá alvöruna, að ég sé að hringja eða senda þeim sms, þá fara þau heim.“

Í sumum tilvikum er lýst opinberlega eftir því barni sem leitað er að og segir Guðmundur þau mörg halda að hér sé reglan sú að ekki mega lýsa eftir þeim fyrr en sólarhringur sé liðinn, engin slík vinnu- eða lagaregla er þó í gildi hér á landi, heldur er það metið í hverju og einu tilviki. „Foreldrar og barnaverndarnefnd taka þessa ákvörðun, þótt ég hafi oft skoðun á hvað eigi að gera og í mörgum tilvikum hef ég beðið foreldra um

að treysta mér aðeins lengur, þar sem að ég tel mig vita hvar barnið sé. Þegar við höfum ekki heyrt frá barni eða af ferðum þess í sólarhring eða lengur þá tökum við stöðuna á hvort rétt sé að auglýsa eftir því, en í sumum tilvikum þarf barnið til dæmis á lyfjagjöf að halda og þá þarf að taka tillit til þess. Vandí barnanna er nægur og bætist bara á hann með því að birta nafn og mynd af þeim opinberlega.“


Á fjórum árum hefur Guðmundur leitað að 85–90 börnum á ári, oftast en einu sinni að meira en helmingi þeirra, en að 20–25 prósent barnanna þarf að leita oftast, 4–20 sinnum á ári. „Sumum er ég að leita að ár eftir ár, að sumum þeirra hef ég leitað öll fjögur árin.“

Þó að hópurinn sé stór á hverju ári þá bendir Guðmundur á ekki sé um að ræða háa prósentu þegar litið sé til þess að það eru 3.000–4.000 börn í hverjum árgangi. Því er ekki rétt að tala um að það séu „allir í einhverju“. Guðmundur nefnir einnig að hann hafi oftast leitað að ungmennum fæddum 2002, árgangarnir 2000 og 2001 hafi komið betur út og væri það áhugavert fyrir félagsfræðing að skoða hvað valdi því.

„Ég vinn í þröngum hópi, en sá hópur er að verða hugsunarlausari gagnvart neyslunni en áður. Þau láta segja sér hvað sem er og eru óhrædd við að prófa. Neyslumynstrið er að breytast, árið 2016 var sprautufaraldur, núna er það læknaðopið, hættulegri efni og þau virðast einhvern veginn óhrædd við að prófa.“

Yngsta barnið sem Guðmundur hefur leitað að var 11 ára, og það yngsta sem hann hefur leitað að í neyslu var 12 ára. Hann segir að hjá yngstu börnunum sé vandinn hins vegar meira hegðunar- eða andlegur, ekki neysluvandi.

Börnin eru þverskurður af samfélaginu, mörg koma frá heimilum þar sem þau búa ekki hjá báðum foreldrum, en flest tilheyra hinu venjulega heimilismynstri, venjulegum heimilum þar sem báðir foreldrar búa. „Meðal annars eru afrekskrakkar í íþróttum sem fara út af sporinu, sem sýnir að þú veist ekki fyrr en of seint hvað það er sem þú ert að prófa. Ein tafla getur verið einni



töflu of mikið.

Sum má segja að hafi aldrei átt séns, börn sem voru í neyslu í móðurkviði, líf sumra einkennis af því hvað bakland þeirra er dapurt og önnur eru með þennan veikleika að það er ekki aftur snúið þegar þau hafa prófað eitt-hvað. Svo er hópurinn sem er á undan í þroska og þar er vandinn sá að skólakerfið og fleira er ekki að mæta þeim á þeirra stað, þau passa ekki í jafnaldráhópinn, en það er verið að berjast við að halda þeim þar. Stelpurnar sem tilheyra þessum hópi eru mjög erfiðar, ekki neyslulega, heldur í hegðun.

Fólk er með þá staðalmynd að börnin séu öll í einhverju greni. Raunin er ekki sú, flest þeirra eru bara úti á götu á ferðinni, þó að vissulega sé eitt og eitt sem fer í partí og eitt og eitt sem finnst í greni.“

Guðmundur bendir á að skoða þurfi hvort meðferðarúræðin sem eru í boði í dag séu nægjanleg. „Þeir einstaklingar sem hafa verið erfið á þessu ári eru krakkar sem þurfa önnur eða betri meðferðarúræði en eru í dag.“

Síðan Guðmundur hóf að leita að „Týndu börnunum“ hefur eitt þeirra látist, fyrir eigin hendi eldri en 18 ára. Árið 2012 létust þrjú einstaklingar, sumir orðnir 18 ára. „Ef ekki væri fyrir þetta verkefni þá væru þau sennilega 2–3 sem hefðu látist á ári,“ segir Guðmundur og nefnir sem dæmi stúlku sem hann bjargaði eftir að hann fann hana meðvitundarlausu af morfinlyfjum í partí. „Við fundum hana og aðra stúlku og ég leyfði mér að fullyrða að þær hefðu látist síðar um daginn, hefðum við ekki fundið þær. Þær sátu þannig að þær önduðu ekki, það var engin endurnýjun á súr-efni.“ Þessi reynsla dugði þó ekki til að bjarga henni úr neyslunni, en Guðmundur segir hana þakka sér lífgjöfina í hvert sinn sem þau hittast. ■

Ef tölurnar eru skoðaðar í ár (1. ágúst) miðað við árið 2017, má sjá að leitarbeiðnum er að fjölga. Segir Guðmundur jafnframt að fleiri börn fari inn á Stuðla miðað við árið í fyrra.

Árið 2018 þann 1. ágúst	Árið 2017
Leitarbeiðnir 177 (113 stúlkur/64 drengir)	173
Einstaklingar 68 (33 stúlkur/35 drengir)	66
Heim 88	110
Stuðlar 75	60
39 einstaklingar eru með eina leit	
3 stúlkur eru með 10 eða fleiri leitarbeiðnir það sem af er ári	

Gerid gæða- og verðsamanbuð



UM FJÓRÐUNGUR

LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUDÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup



BODYPRINT



Mikið úrval af stillanlegum rúmum

Svefn & heilsa
★★★★★

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

vefverslun
svefnogheilsa.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

Bjartmar Oddur Peyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

Ivor fór Reykjavíkurborg í útboð vegna uppsetningar og rekstrar strætóbíðskýla sem notendur Strætó í Reykjavík munu nota daglega víðs vegar um borgina næstu 15 ár. Útboðið hljóðaði upp á uppsetningu og rekstur á allt að 400 bíðskýlum en að lágmarki 210 bíðskýli. Ekkert fyrirtæki tók þátt í útboði Reykjavíkurborgar og fór þá vinna af stað innan borgarinnar í að hafa samband við fyrirtæki sem hefðu sýnt útboðinu áhuga og ræða við þau. Eftir þá vinnu var gerður kaupsamningur við fyrirtækið Dengsa ehf. og hljóðaði sá samningur upp á rekstur 210 bíðskýla víða um borgina. AFA JCDecaux Ísland, sem hefur rekið bíðskýli í Reykjavík síðan 1998, hefur nú kært samninginn til kærnefndar útboðsmála hjá fjármálaráðuneytinu.

Samkvæmt kærinni er þess krafist að samningurinn verði lýstur óvirkur, að Reykjavíkurborg verði að gera nýtt útboð ásamt því sem þess er krafist að skoðuð verði möguleg skaðabótaskylda borgarinnar gagnvart AFA JCDecaux Ísland. Í kærinni efast lögræðingur, sem fer með málið fyrir hönd AFA JCDecaux Ísland, um fjárhagslega burði Dengsa



Útboð á strætóskýlum kært - Færri skýli í úthverfum

Kaupsamningur gerður til 15 ára



ehf. ásamt því að benda á mögulegt reynsluleysi stjórnenda móðurfélags Dengsa ehf. á rekstri og uppsetningu bíðskýla. Einnig telur kærandi að slegið hafi verið af kröfum útboðsins við gerð kaupsamningsins við Dengsa ehf.

Í samtali við DV vísaði Vésteinn Gauti Hauksson, framkvæmdastjóri Billboards ehf., móðurfélags Dengsa þessum atviki á bug. Hann sagði að fjárhagsstaða fyrirtækisins væri góð og að fyrirtækið hefði staðist allar kröfur útboðsins. „Við gerum okkur grein fyrir því að svona verkefni kostar mikla peninga og þá þurfa hluthafarnir að auka eigið fé fyrirtækisins, sem verður að sjálfsgöðu gert eftir að verkefnið er farið af stað.“ Hann segir einnig: „Dengi er búið að vera í rekstri á þessum markaði í yfir 20

ár. Fyrirtækið setti upp flest öll flettskilti á landinu og að reka svona flettskilti allan þennan tíma tel ég vera gífurlega reynslu.“

560 stoppstöðvar í Reykjavík – þar af 182 bíðstaurar

Eins og áður kemur fram munu 210 bíðskýli verða sett upp af Dengsa ehf., en afgangurinn af bíðstöðvum í Reykjavík verður rekinn af Reykjavíkurborg. Í dag sér borgin um rekstur á 231 bíðskýli og 182 bíðstaurum. Margir notendur almenningsgangna í Reykjavík hafa kvartað undan því að þurfa bíða eftir strætisvögnum án þess að hafa skýli til að verjast veðri og vindum.

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, borgarfulltrúi Pírata og formaður skipulags- og samgönguráðs

Reykjavíkurborgar, segir í samtali við DV varðandi fjölgun strætóskýla: „Það er náttúrliga planið. Áætlun er í gangi um að útrýma bíðstaurunum en þetta verður tekið í skrefum.“ Samkvæmt skýrslu umhverfis- og skipulagsviðs Reykjavíkurborgar, árið 2015, kemur fram að heildarkostnaðurinn við að breyta öllum bíðstaurum í bíðskýli sé 273 milljónir króna. Fjárfestingar í almenningsgangum hafa verið nokkuð miklar undanfarin ár, en svo virðist sem bíðstöðvar séu ekki forgangsatríði. Sem dæmi voru, árið 2003, settar 400 milljónir í þróun svonefndra smartkortalausna til að nota sem greiðslulausn fyrir strætó. Það verkefni endaði með því að sú lausn var aldrei innleidd þrátt fyrir gífurlega kostnað sem fylgdi verkefninu.

Meirihluti stauranna í úthverfum borgarinnar

„Það er ekki þannig að það sé skipt upp eftir hverfum, það eru staurar jafnt um alla borg,“ segir Sigurborg. Þegar yfirlitskort yfir fjölda bíðstaura er skoðað sést vel að meirihluti þeirra er í úthverfum borgarinnar. DV spurði Þorstein R. Hermannsson, samgöngustjóra Reykjavíkurborgar, hvort það væri ekki verið að mismuna notendum almenningsgangna eftir búsetu innan borgarinnar með því að bjóða þeim ekki öllum sömu þjónustu. „Ég myndi gjarnan vilja að það væru strætóskýli alls staðar þar sem hægt er að koma þeim fyrir, það þarf bara meiri fjármuni. Það væri alveg hægt að veita meiri fjármunum í þetta. Það er náttúrliga ákvörðun sem borgarstjórn verður að taka.“ ■

Eypór Arnalds sagðist ætla að selja hlut sinn í Morgunblaðinu

„Ég er prinsippmaður“

Bjartmar Oddur Peyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

Eypór Arnalds, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, er enn þá stærsti hluthafi Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, með um rúman 23% hlut í gegnum hlutafélag sitt Ramses ehf. Þetta kemur fram í hagsmunaskráningu hans sem hann þurfti að skila inn sem borgarfulltrúi í Reykjavík. Í samtali við DV sagði Eypór að hann væri búinn að segja sig úr stjórn Árvakurs og hefði þar af leiðandi ekkert ákvörðunarvald innan fyrirtækisins. Hann skipaði einnig engan í stjórn Árvakurs í sinn stað. Ramses ehf. á svo fjöldann allan af dótturfélögum eins og til dæm-

is ST Holding ehf. sem á eignir upp á rúmar 860 milljónir króna samkvæmt ársreikningi félagsins.

Þegar Eypór var spurður hvort hann hafi ekki verið að leita að kaupanda að sínum hlut í Morgunblaðinu svaraði hann: „Ég hef nú ekki verið beint að leita að honum, en ég sagði að ef það væri kaupandi þá væri hluturinn til sölu, en það hefur ekkert komið út úr því.“ Blaðamaður spurði hann þá hvort hluturinn væri enn þá til sölu og hann svaraði: „Ég hef ekkert verið að auglýsa hann til sölu en hann er falur fyrir gott verð. Maður er náttúrliga aðeins í eftirlitshlutverki í stjórnarandstöðu og sem slíkur er maður ekki í valdastöðu, en ég er farinn út úr mörgum fyrirtækjum. Ég var nú

kannski ekki að hafa frumkvæði að því að leita að kaupanda, heldur var ég einfaldlega spurður hvort hluturinn væri til sölu. Hins vegar hefur ekki verið rosaleg eftirspurn eftir hlutabréfum í fjölmiðlum.“

Í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni ræddi Kristján Kristjánsson, umsjónarmaður þáttarins, við Eypór Arnalds meðan hann var í kosningabaráttu um oddvitasætið í prófkjöri Sjálfstæðismanna í Reykjavík. Það hann Eypór að svara því afdráttarlaust hvort hann myndi losa sig undan eignarhaldi í fjölmiðli ef hann yrði kjörinn borgarfulltrúi í Reykjavík. „Ég er þeirrar skoðunar að ég eigi að fara úr því, ég er prinsippmaður,“ svaraði Eypór.

„Einhver verður að eiga í þessum blessuðum fjölmiðlum“

Bláamaður spurði Eypór einnig hvort það væri ekki óheppilegt að stjórnmalamenn ættu í fjölmiðlum þar sem hlutverk fjölmiðla gæti oft verið að gagnrýna sjálfa stjórnmalamennina. Svaraði Eypór því til að þess væru nú dæmi að stjórnmalamenn hefðu átt í fjölmiðlum. „Fjölmiðlar eiga að gagnrýna stjórnmalamenn, það er alveg rétt, en þeir eiga líka að gagnrýna viðskiptamenn og þeir eiga almennt að vera gagnrýnir. Þeir eru ekki bara til að gagnrýna stjórnmalamenn.“

Eypór minnst þess einnig í samtali við blaðamann að hann hafi nú átt í fleiri fjölmiðlum og hafi til dæmis verið hluthafi í DV þegar hann var aðeins 11 ára gamall. „Ég var blaða-



sali á þessum tíma hjá DV og notaði þá peninga til að kaupa mín fyrstu hlutabréf og þau voru í DV.“ Aðspurður hvort það hafi verið góð fjárfesting svaraði hann einfaldlega: „nei.“

Hann sagði svo að lokum: „Svo er þetta nú svo lítið land og einhver verður að eiga í þessum blessuðum fjölmiðlum. Við megum ekki gleyma því að eigendur eru almennt ekki að ritstýra. Það er reyndar öðruvísi með suma netmiðlana þar sem hluthafar eru líka ritstjórar, en það er ekki þannig með Árvakur. En hins vegar er ekki langt síðan Övssur Skarphéðinsson var bæði þingmaður og ritstjóri DV.“ ■

BOLTINN Í BEINNI Á CASTELLO



**ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR**

SÍMI 577 3333
WWW.CASTELLO.IS



VALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI / DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

PANTAÐU
Á NETINU

„Eins smells undur“ í Ísle


Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Hugtakið „one-hit wonder“ er allnokkrum kunnugt. Þegar farið er í gegnum sögu íslenskrar dægurmenningar og tónlistar er vissulega ekki pláss fyrir alla til þess að slá í gegn, hér eða í hinum stærri heimi.

Sumir listamenn fá vart að líta dagsins ljós, þrátt fyrir taumlausar tilraunir, á meðan aðrir rétt komast í snertingu við tinda frægðarinnar, en ná svo ekki sömu hæðum í kjölfarið. En það er alltaf þess virði að reyna, og betra er að ná lágmarksárangri en engum.

Nú skulum við slá á léttu strengi og líta yfir ýmsar hljómsveitir og einstaklinga sem flokka mátti sem „eins smells undur“ Íslands eða skammlífar stjórnur. Upptalningin er unnin út frá fjölda álitsgjafa.



Skítugir mellupeningar

Hljómsveitin Dr. Mister & Mr. Handsome var þungamiðja mikillar umræðu árið 2006 og seldist breiðskífa hennar, Dirty Slutty Hooker Money, eins og heitar lummur á þeim tíma. Helstu slagarnir á plötunni voru lögin Kokaloca og Is it Love? og leit út fyrir að fjögurra manna sveitin myndi leggja ungdóm Íslands undir sig um ókomna tíð. Því miður varð það ekki að veruleika en slagarnir lifa enn góðu lífi. Unnendur hljómsveitarinnar þráðu svo sannarlega meira á þessum tíma, en vissulega er betra að hætta á toppnum en teygja góðan lopa.



Jeff Who? lagið Jeff Who? til þessa.

ert á píanó sjálfur. Ég lýk jódast til að senda honinu. Það var þá sem það mar píanóleikari sem ég la við allan tímann væri eikarinn í Jeff Who? Ég andræðalegur en Valda fyndið og mátti upp í með okkur.“

aldí spilaði reyndar ekki no? á breiðskífu sveitarco en Valdi gekk irtsins 2006.

svo að na var yndi di- a

Baddi söngvari Jeff Who?
Söng ódauðlega slagarann Barfly sem Morðingjarnir endurgerðu á dögnum.



Kemst ekki frá

Herbert Guðmundsson er einn sinnar tegundar hvað varðar sérniðinn töfvarabrag. Söngvarinn hefur aldeilis ekki haldið sig frá sviðsljósinu á liðnum árum og kom sterkur inn á níunda áratugnum með sítt að aftan. Á meðal hans þekktari laga má nefna Time, Hollywood og Svaraðu en komast þau hvergi nærri slagaranum Can't Walk Away hvað vinsældir áhrærir. Segja má að afgangur ferilsins hafi horfið í skugga lagsins, þrátt fyrir að söngvarinn hafi verið í góðu stuði í gegnum árin. Hann kemst ekki burt - eins og lagið segir - og íslensk tónlistarmenning hefur ekki orðið verri fyrir vikið.

Jeff, hver?

Margur maðurinn kannast við stuðlagið Barfly með Jeff Who? enda fékk það spilun víða og kom ófáum í réttan gir. Hljómsveitin gaf út tvær plötur árið 2005 og síðan 2008 áður en meðlimir og sýnileiki bandsins fór að fjara út. En mikið óskaplega þykir Barfly ennþá gripandi í dag og þegar lagið er sett á fóninn, þá hefst annaðhvort ballið fyrir alvöru, eða því lýkur með látum.

HAGBLIKK

Álpakrennur & niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt & dökkrautt



Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C
202 Kópavogur

Sími 587 2202
hagblikk@hagblikk.is

hagblikk.is



Trompaði Kryddpiurnar á breska vinsældalistanum

Söngkonan Alda Björk Ólafsdóttir stökk beint í 7. sæti breska vinsældalistanum með lagið Real Good Time árið 1998. Þá skákaði hún meðal annars Kryddpiurnum góðu sem fóru þá í 8. sætið með Viva Forever, sem er glæsilegur árangur, þótt það verði reyndar að taka inn í myndina að Spice Girls hafi verið að sundrast á þessu tímabili og einni manneskju færri. Engu að síður tókst Öldu að láta stóran draum rætast, að slá í gegn úti í hinum stóra heimi. Það sem tók við af velgengni Real Good Time er vart þess virði að það rati í sögu-bækurnar, en öll merki benda til þess að söngkon

enskri tónlistarmenningu



Halelúja

Söngkonan Móaeður Júníusdóttir, gjarnan kölluð Móa, steig af fullum krafti í sviðsljósið snemma á tíunda áratug síðustu aldar. Árið 1993 gaf hún út plötuna Lögín við vinnuna sem fékk góðar undirtektir og síðar gekk hún til liðs við hljómsveitina Bong og lagði svo í sólóferil með plötunni Móa - Universal. Þegar sólóferillinn fór að dala stöðvaði það ekki þessa hæfileikaríku söngkonu í að finna sína köllun í lífinu. Árið 2004 hóf hún guðfræðinám, með það að markmiði að vera lagvísasti prestur landsins.



Engar ranghugmyndir

Hljómsveitin Ampop vakti mikla athygli frá stofnun hennar árið 1998 og hlaut sérstaklega góðar viðtökur, en hátindinum var náð árið 2005 með gríðarlegum vinsældum plötunnar My Delusions. Sveitin fór á tímabili í gegnum allnokkrar breytingar, bæði hvað mannaud og tónlistarlegar áherslur varðar. Skömmu eftir vinsældir My Delusions fór söngvari hljómsveitarinnar að sýna getu sína með bandinu Blindfold. Frá og með 2007 lagði Ampop upp laupana og lifir þessa dagana sem dúndrandi dæmi um leiftur liðins tíma.



Fór upp og sneri sér annað

Söngvarinn Steinar Baldursson bræddi mörg unglingshjórtu með ýmsum lögum og sló sérstaklega í gegn með smáskífunni Up. Drengurinn á trúlega nóg eftir en lítið virðist hafa borið á honum undanfarin ár. Ef til vill er hann að undirbúa stóra „kombakkid.“ Við biðum spenn. Þegar öllu á botninn er hvolf er aðeins hægt að fara upp.

Kinky á toppnum

Tennurnar hans afa var hressilegt samstarf þriggja féлага en voru þeir þó aldrei nema tveir í senn. Bandið vakti athygli á sínum tíma með tveimur lögum, La Bjarna og Kinky. Hið síðarnefnda var notað í hinni stórvinsælu kvikmynd Veggfóður og fékk lagið mikla spilun í útvarpinu snemma á tíunda áratugnum. Sveitin gaf síðar út snældu sem er að öllum líkindum fyrsta „rapplatan“ hér á landi en sú bar heitið Dömur mínar og herrar, látið eins og heima hjá ykkur, og er ófánleg í dag.



Eintómt bull eða urrandi snilld?

Hið ljúfsára popplag Lalíf, eftir Kjartan Ólafsson, í flutningi hljómsveitarinnar Smartband, er með þeim áhugaverðari í okkar dægurmenningu. Viðlag lagsins er einkar grípandi en það er textinn, ef svo má kalla, sem gerir það jafn áhugavert og raun ber vitni. Í gegnum árin hafa skotið upp kollinum margar kenningar og sögur af því hvað textinn þýðir og hvernig hann sé skrifaður og sunginn - hvort hann er sunginn afturábak eða er einfaldlega hreint bull. Kjartan fylgdi þessari gersemi ekki eftir með neinu bitastæðu síðan, en stundum kemur lífið á óvart.



ERTU AÐ FLOKKA EÐA PLOKKA ?

Farðu inn á www.igf.is og komdu flokkunarmálunum í lag



Þriggja flokka stálilát 60 L



Troðslugrind á hjólum



Græna tunnan





Sudurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Stjórar og forstöðumenn

Vegagerðin móðgaðist nokkuð þegar blaðamaður Fréttablaðsins sagði að það ætti að flengja alla yfirmenn í Vegagerðinni eða reka þá. G. Pétur Matthíasson upplýsingafulltrúi skrifaði á móti að þetta hlýti að vera kaldhæðni þar sem margt hefði áunnist á síðustu árum í að bæta okkar 13 þúsund kílómetra langa vegakerfi. Margir eru þó á þeirri skoðun að gera megi mun betur, bæði hjá Vegagerðinni og af hálfu fjárveitingarvaldsins. Það tæki líka dágóðan tíma að flengja alla yfirmenn Vegagerðarinnar, þar starfa rúmlega 300 starfsmenn, 105 eru skráðir á vef Vegagerðarinnar, þar af eru 43 „stjórar“ og 13 „forstöðumenn“.

Drífa verður forseti

Það er frostavetur framundan í kjaravíðræðum. Öðrum megin samningaborðsins verða röttæklingar sem vilja launahækkunir upp á tugi prósentu ef það á ekki að fara í langt verkfall, sem mun óneitanlega enda með ósköpum og lagasetningum. Hinum megin borðsins verður fína fólkið sem gæti ekki lifað einn mánuð á launum leikskólakennara og skilur ekki að það sjálft ber fulla ábyrgð á ástandinu í dag. Fína fólkið verður stíft í sinni afstöðu að leyfa engum að tala um krónutöluhækkunir eða fá afturvirkar launahækkunir í takt við þær sem efsta lag samfélagsins fékk um árið. Röttæklingarnir munu alltaf tapa, kerfið er gírað í átt að prósentuhækkunum og ef þeir ná sínu fram verður þeim kennt um verðbólgu og minnkun á samkeppnishæfni. Það eina sem röttæklingarnir hafa er samstaða, nú undir óbeinni forystu Gunnars Smára Egilssonar. Gunnar Smári hefur nú gefið Drífu Snædal grænt ljós á að verða forseti ASÍ, það þýðir bara eitt, hún verður næsti forseti ASÍ.



Hálfkveðið hommahatur

Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Gleðigangan hefur verið haldin í Reykjavík síðan árið 2000 og tugþúsundir taka þátt. Sambærilegar göngur hafa einnig sprottið upp víðs vegar um land. Samkynhneigðir, tvíkynhneigðir, transfólk, intersexfólk og fleiri hópar fær sífellt meiri réttindi og viðurkenningu í samfélaginu sem er algerlega frábært.

Þetta hefur gerst mjög hratt. Að vera samkynhneigður var það sama og að vera pervert fyrir ekki svo löngu. Óþvingaðar ástir fullveðja fólks voru eitt sinn glæpur og árið 1924 var Guðmundur Hofdal dæmdur til fangelsisvistar fyrir „samræði gegn náttúrulegu eðli.“

Íslenskt þjóðfélag er á fullri ferð í rétta átt í þessum efnunum og þetta sést best hjá unga fólkinu okkar sem kemur fyrr út úr skápnunum en fólk gerði áður fyrr og það er óhræddara við að ræða um sína kynhneigð. Flestum er í raun og veru sama um hverrar kynhneigðar þessi eða hinn er og það er hið eðlilega ástand.

En í þessari hraðferð okkar eru alltaf einhverjir sem missa af vagninum og sitja eftir. Allt tal um samkynhneigð og sérstaklega Gleðigönguna, þegar Reykjavík er böðuð hýrum regnbogalitum, ergir. Þá sitja þeir í grámyglunni og bölvu.

„HVAD KOSTAR ÖLL SÚ MÁLNING?“ skrifar Jón Valur Jensson, guðfræðingur og framþjóðandi Íslensku þjóðfylkingarinnar, á Facebook-síðu sinni um regnbogamálningu Hinseginndaga. „HVERJIR BORGAR? HVERJUM kemur þetta yfirhöfuð að GAGNI.“ Eins og við vitum öll þá eru skrifaðir hástafir ígildi öskurs. Í sama pistli baunar hann á það að Samtökin '78 fái að kenna börnum hinseginfræði. „OG HVERJIR BORGAR ÞETTA? VIÐ, gagnkynhneigðir foreldrar!!!“

Gústaf Níelsson sagnfræðingur, sem einnig var á mála hjá þjóðfylkingunni, talar á svipuðum nótum á Facebook. Birtir hann mynd úr mótmælum gegn Trump þar sem fólk er skrautlega klætt og spyr: „Er þessi mannskapur að fara að ganga um Reykjavík um helgina? Það er gott að vera í smábæ á Spáni. Við lifum sérstaka tíma svo



ekki sé meira sagt.“ Uppsker hann kátinu og klapp frá vinum sínum sem einnig misstu af vagninum.

Gylfi Ægisson lætur ekki sitt eftir liggja og birtir háðsmyndir af gleðigöngufólki en hann er reynslubolti í að bauna á Gleðigönguna og hinsegin fólk í hálf-

kveðnum vísunum.

Á að vorkenna eða hlæja að fólkinu sem sat eftir? Fólkinu sem þeir ekki að koma út úr sínum skáp og segja einfaldlega: „Ég hata samkynhneigða“. Þess í stað notar það krókaleiðir og segir setningar sem byrja á „Ég hef ekkert á

móti samkynhneigðum en ...“ Hatrið skín í gegn og er öllum augljóst en þessar hálfkveðnu vísur gefa til kynna að það viti innst inni að skoðanir þeirra séu gamaldags og úreltar. ■

GERÐARDÓMUR SKIPAÐUR Í LJÓSMÆÐRADEILU

„Hamborgari, hamborgari, hamborgari. Hamborgarabúlla Tómasar. Punktur is. Launasetning ljósmæðra skal taka mið af því að fólki finnst yfirleitt mikilvægt að manneskjan sem tekur á móti barninu þeirra sé mjög hæf til þess. Punktur is. Vatnskassar í flestar gerðir bíla og vinnuvéla. Stjórnblikk-Vatnskassalagerinn, stjórnblikk punktur is.“



Gerður G. Bjarklind

Höfundur: Konráð Jónsson Teiknari: Guðfinna Berg

Spurning vikunnar

Á að kenna kristinfræði í grunnskólum?



„Það á að kenna trúarbragðafræði og kristinfræði þar undir.“

Anna Ragnarsdóttir



„Nei, mér finnst alveg óþarfi að kristinfræði séu kennd en ég hef ekkert á móti trúarbragðafræðum.“

Snorri Stefánsson



„Mér finnst að það eigi að kenna um öll trúarbrögð í grunnskólum.“

Lilja Rut Bjarnadóttir



„Já, mér finnst það. Að kenna siðferði.“

Helgi Sigurbjartsson

Brauð og bakkelsi

10. águst 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sverrisson / agustb@dv.is



Kærkomið kaffihús í Hólmgarði



Sigurjón Héðinsson hefur verið viðriðin bakari frá árinu 1976 og hann hefur rekið Sigurjónsbakari frá árinu 1988. Það er til húsa í Hólmgarði 2c, fyrir ofan miðbæinn í Keflavík. Þann 17. júní í sumaið 2017 opnaði Sigurjón síðan kaffihús í Hólmgarði og hefur það gert stormandi lukku.

„Ég var bara með 20 fermetra búð hérna en fór svo upp í 120 fermetra og þá var hægt að opna kaffihús. Þessu hefur verið tekið afskaplega vel enda fannst fólki vanta kaffihús í hverfið og nú er það komið,” segir Sigurjón.

Staðurinn er opin frá 7 á morgnana til 17.30 á virkum dögum og um helgar frá 8 til 17. „Það er súpa, brauð og pestó í hádegínu,” segir Sigurjón þegar hann er beðinn um að nefna það sem vinsælast er á kaffihúsinu. Einnig hafa sérhannaðir kleinuhringir hans, svokallaðar Héðinsbollur, notið mikilla vinsælda, en sérstáða þeirra felst í miðjunni í kleinuhringnum. „Þetta er framleitt hér frá grunni eftir minni uppskrift. Það er allt of mikið um að bakarar selji innfluttar vörur en ég legg áherslu á að baka hér eftir mínum uppskriftum.”



Að sögn Sigurjóns er gestahópur kaffihússins í Sigurjónsbakari mjög fjölbreyttur og á öllum aldri. Vinnandi fólk fær sér gjarnan súpu og brauð í hádegínu og svo staldra oft við hópar eldri borgara á gönguferðum og fá sér kaffi. Þá eru krakkar úr fjölbrautaskólanum þegar farnir að venja komur sínar á kaffihúsið en skólinn er nýbyrjaður á haustönninni.

Vinnudagur bakara hefst snemma og Sigurjón þekkir ekkert

annað en að vakna fyrir allar aldir og halda í vinnuna. „Við byrjum korter fyrir fimm og bakararnir vinna til kl. 14. Kaffihúsið er síðan opið áfram,” segir Sigurjón. Hann segist ekki þurfa mikinn svefn, 4–5 tímar dugi honum ágætlega.

Sigurjón viðurkennir að bakstur sé mikil nákvæmnisvinna í dag. „Hér áður fyrr, þegar ég var að byrja í þessu, þá var slumpað meira. Til dæmis ein lúka af salti á móti einni skóflu af deigi. En svo

hafa menn misstórar hendur. Í dag er allt vigtað nákvæmlega og ýtrustu gæðakröfur uppfylltar.”

Sigurjón rekur líka öfluga veisluþjónustu og sinnir jöfnum höndum brúðkaupsveislum, skirnarveislum, afmælum, erfidrykkjum og hvers konar öðrum samsætum. Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér veisluþjónustuna betur er bent á að hringja í síma 821-525 eða 421-5255.

Almar bakari: Salatbarinn hefur slegið í gegn



Í Sunnumörk í Hveragerði er staðsett eitt besta bakari á landinu og þótt víðar væri leitað. Almar bakari var opnað í apríl 2009 og hefur síðan þá verið bakað þar dýrindis brauð og ljúffengt bakkelsi ofan í þakkláta gesti. Húsnæðið er bjart og notalegt og er pláss fyrir 70–80 manns í sæti. Allt aðgengi fyrir hjólastóla og barnavagna er til fyrirmyndar og er alla jafna brjáláð að gera á sumrin, enda alltaf eitthvað nýtt og spennandi á boðstólum.

Ljúffeng og heilsusamleg salöt í hádeginu

„Við tókum salatbarinn í notkun í lok vetrar og hann hefur slegið rækilega í gegn,” segir Ólöf Ingibergsdóttir, eiginkona Almars bakara, en hún er alltaf kölluð Lóa. Salötin eru allt í senn fjölbreytt, heilsusamleg og ljúffeng. „Þú getur valið um sex tegundir af tilbúnum salötum eða valið í þitt eigið salat sem starfsfólkið setur saman fyrir framan þig. Hverju salati fylgja síðan súrdeigsbrauðbollur,” segir Lóa.

Salatið er afar vinsæll kostur sem hádegisverður hjá vinnandi fólki á svæðinu, en íþróttafólk, til dæmis þeir sem stunda crossfit, sækja mikið í þennan salatbar og fá þar vænan skammt af próteini og trefjum.

Salatið er vel útilátið og kostar 1.890 krónur sem er hagstætt verð fyrir góðan hádegisverð. Lóa minnir á að þó að flestir fái sér salat í hádeginu sé salatbarinn opinn allan daginn. „Það er hægt að koma hingað fyrir klukkan sex og taka með sé salat heim í kvöldmatinn,” segir hún.

Einnig eru tvær tegundir af súpu með súrdeigsbrauði í boði alla virka daga og kosta 1.090 krónur.

Hollt brauð og mikil fjölbreytni

„Við höfum alltaf lagt mjög mikla áherslu á hollt brauð, þar á meðal súrdeigsbrauð. Af því að súrdeigsbrauðin

fá svo langan tíma til að gerjast þá þarf ekki að bæta við þau neinum óhollum aukæfnum,” segir Lóa.

Eldbökuð flatbrauð eru annað einkennismerki Almars bakara en þessi ljúffengu flatbrauð njóta mikilla vinsælda. Þau eru sviðin svo maður verður svartur á fingurgómumum við að borða þau.

Gífurlegt úrval af samlokum er ávallt að finna í afgreiðsluborðinu og Almar bakari



Eigendurnir, Almar Þór Þorgeirsson (t.h.) og Örvar Arason



býður auk þess upp á eitt mesta úrval landsins af kökum og sætabrauði.

Opið er alla virka daga frá 7–18 og um helgar er opið frá 8–18.

Almar bakari – Bakari og kaffihús er staðsett að Sunnumörk 2, í Hveragerði, rétt hjá Bónus og Arion banka. Hægt er að hafa samband í síma 483-1919.

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðu Almars bakara.



BRAUÐGERÐ ÓLAFSVÍKUR:

Fjölskyldufyrirtæki í 67 ár



Brauðgerð Ólafsvíkur, sem staðsett er að Ólafsbraut 19 í Ólafsvík, hvílir á gömlum og traustum grunni, en Lúðvík Þórarinsson stofnaði fyrirtækið árið 1951. Jón Þór Lúðvíksson lærði bakariðnina hjá föður sínum og hefur rekið bakarið árum saman ásamt eiginkonu sinni, Bjarneyju Jörgensen. „Þetta hvílir á gömlum merg og maður veit hvað maður hefur,“ segir Jón Þór en þrátt fyrir harða og erfiða samkeppni gengur reksturinn ágætlega.

Viðskiptavinahópur bakarísins er nokkuð breytilegur eftir árstíðum. „Yfir sumartímam eru þetta nánast allt ferðamenn fyrir utan nokkra sjómenn í landi. Ólsarar eru nefnilega ekki heima hjá sér á sumrin,“ segir Jón Þór og hlær. Á haustin fjölga innfæddum viðskiptavinum aftur og segir Jón Þór að þetta sé mikið til sami kjarninn sem verslar reglulega við brauðgerðina.

Brauðgerð Ólafsvíkur selur einnig brauð í verslanir í héraðinu og þar ríkir hörð samkeppni. „Við erum í samkeppni við allan heiminn,“ segir Jón Þór en verslunareigendur geta valið um að kaupa brauð af honum, frá Reykjavík eða innflutt brauð.

Mikið úrval og lágt verð

Brauðgerð Ólafsvíkur er rómuð fyrir sanngjarnt verðlag. Jón Þór er þó lítillátur maður og vill ekki gera mikið úr þessu. „Við erum kannski ódýr miðað við ýmsa túristastaði en við leggjum bara áherslu á að vera með eðlilegt og sanngjarnt verð.“

Úrvalið er mikið af bakkelsi, brauði og samlokum, daglega um 50 tegundir í boði sem renna vel út. Dálítil veitingaaðstaða er líka á staðnum fyrir þá sem vilja setjast niður, fá sér kaffibolla og njóta kræsinganna á staðnum. Þrjú borð eru inni og borð og bekkir úti sem kemur sér vel í góðviðri.

Vinnutími bakara er sérstæður og núna þegar aðstoðarmaður Jóns Þórs er í frii þá vaknar hann



klukkan korter í tvö á nóttinni og vinnan hefst 2.30, en vanalega er byrjað um hálf fjögur. „Ég legg mig vanalega í einn til tvo tíma eftir hádegisdag og fer síðan snemma að sofa á kvöldin, enda er maður ekkert unglamb lengur,“ segir Jón Þór sem er þó á besta aldri.

Einstakt hafrakex

Brauðgerð Ólafsvíkur er opin frá 7.30 til 18 á virkum dögum og á laugardögum er opið frá 9 til 16. Þessi afgreiðslutími gildir út sumaríð en yfir veturinn er opið virka daga frá 7.30 til 17.00. Kjöríð er að kíkja á staðinn fyrir þá sem eiga ferð vestur það sem eftir lifir sumars. Ef þú, lesandi góður, gerir það, verður þú að bragða á hafrakexinu sem Brauðgerð Ólafsvíkur er landsþekkt fyrir og þykir einstaklega gott. Aðspurður hvað það sé sem geri hafrakexið hans svona einstakt segir Jón Þór ekki vita það. „Ætli þetta sé ekki bara góð uppskrift.“



Ekki láta þitt eftir liggja -vertu **Pikk-UPP**

Okkar nánasta umhverfi skiptir okkur miklu máli. Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð, husa um umhverfið og henda rusli. Tökum skrefið lengra, teygjum okkur eftir ruslinu og hendum því í þar til gerð ruslaílát eða poka, þó það sé ekki okkar rusl.

Hvað er Pikk-UPP?

- ▶ Það að vera Pikk-UPP snýst um að tína upp rusl á förnum vegi þar sem þú ert að ganga eða hreyfa þig.
- ▶ Píkka-Upp rusl um leið og þú nýtur útiveru með fjölskyldunni.
- ▶ Eða af því að þú ákveður að fara út og Píkka-UPP rusl.



Betri umgengni byrjar hjá þér!



Worcester County-fangelsið

Frá Akureyri í innflytjendafangelsi í Bandaríkjunum

■ Hlekkjuð á höndum og fótum ■ „Eins og að vera dýr í búri“ ■ Upplifði ofbeldi, a

„Ég mundi ekki óska mínum versta óvini að þurfa að ganga í gegnum þetta,“ segir **Karlotta Lilo Elchmann**, en hún neyddist til að dúsa í hálf tveimur árum í innflytjendafangelsi í Bandaríkjunum við vægast sagt ömurlegar aðstæður. Hún kveðst reid og sár yfir framgöngu bandarískra yfirvalda en hún hefur verið búsett þar í landi í meira en tvo áratugi.

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Þrátt fyrir að hafa lengst af búið í Bandaríkjunum þá segist Karlotta engu að síður líta á sig sem Íslending í húð og hár. Móðir hennar er íslensk en faðirinn af þýskum uppruna með íslenskan ríkisborgararétt. Þau gengu í hjónaband árið 1974 og eignuðust eina dóttur fyrir utan Karlottu. Auk þess á faðir hennar eina dóttur af fyrra sambandi. Foreldrar Karlottu skildu árið 1982 og í kjölfarið tók móðir Karlottu saman við stjúpföður hennar. Karlotta flutti ásamt þeim til Bandaríkjanna árið 1984, þá á níunda ári en hefur ávallt haldið góðu sambandi við föður sinn og aðra ættingja á Íslandi.

Snemma á þrítugsaldri kynntist Karlotta eiginmanni sínum, John, og eignuðust þau þrjú börn sem í dag eru 21 árs, 18 ára og 15

ára. Þá á John einnig son af fyrra sambandi sem er 24 ára gamall og hefur fjölskyldan að sögn Karlottu skapað sér gott líf í Maryland-fylki.

Sagði strax já

Árið 2017 tók Karlotta þá ákvörðun að flytja tímabundið til Akureyrar ásamt dætrum sínum tveimur. Hún vildi vera föður sínum til halds og trausts.

„Pabbi hafði fengið slag þrisvar og heilsu hans hafði hrakað mikið. Hann gekkst undir rannsóknir á Landspítalanum og það stóð til að leggja hann inn í nokkra mánuði. Þegar hann spurði mig hvort ég vildi koma til Íslands og vera hjá honum í stadinn þá þurfti ég ekki að hugsa mig um. Ég sagði strax já. Hann vildi alls ekki fara á hjúkrunarheimili,“ segir Karlotta en hún segir deilur hafa komið upp innan fjölskyldunnar í kjölfarið þar sem stjúpsystir hennar vildi föður þeirra á hjúkrunarheimili. Stjúpsystirin hafði

jaframt yfirráð yfir fjármálum hans. Málið rataði fyrir héraðsdóm þar sem þeirri beiðni var hafnað. „Ég fékk leiguíbúð í bænum og pabbi flutti inn til mín og ég hugsaði um hann. Það gekk allt saman mjög vel.“

Grunlaus

Í byrjun nóvember síðastliðinn þurfti Karlotta að fljúga aftur til Bandaríkjanna til að láta endurnýja öskurteini sitt. Um leið ætlaði hún að nýta tækifærið að hitta eiginmanninn og syni sína tvo.

„Frændi minn og konan hans voru svo indæl að líta eftir pabba og dætrum mínum á meðan, en ég ætlaði að vera úti í fimm daga.“

Á alþjóðaflugvellinum í Baltimore var henni hins vegar tjáð af fulltrúum Heimavarnarráðs Bandaríkjanna (Homeland Security) að dvalarleyfiskort hennar væri útrunnið. Var henni í kjölfarið gert að mæta á fund Landamæraeftirlitsins (ICE) þann 11. desember. „Þarna tóku þeir kortið af mér.“

Þegar Karlotta flutti ásamt fjölskyldu sinni til Bandaríkjanna átta ára gömul fékk hún svokallað ótímabundið dvalarleyfi (permanent resident alien.) Ófugt við þau kort sem gefin eru út í dag þá er enginn gildistími skráður á þau grænu kort sem gefin voru út á áttunda og níunda áratugnum. Karlotta segir að hana hafi aldrei grunað að það ætti eftir að koma henni í vandræði að vera með eldri útgáfu af kortinu.

Hlekkjuð á höndum og fótum

Þann 5. desember síðastliðinn flaug Karlotta út til Bandaríkjanna á ný til að mæta á fund Landamæraeftirlitsins en með í för voru dætur hennar og tvö systkinabörn sem ætluðu að heim-sækja móður Karlottu og systur hennar. Ætlun þeirra var síðan að fara aftur til Íslands 9. janúar.

Á flugvellinum í Baltimore tók hins vegar við martraðarkennd atburðarás. „Ég var látin að sitja og bíða í hátt í tíu klukkustundir án þess að nokkur yrti á mig eða gerði tilraun til að útskýra hvað væri í gangi. Klukkan átta um kvöldið var mér síðan tilkynnt að það ætti að handtaka mig.“

Karlotta var í kjölfarið hlekkjuð á höndum og fótum og flutt í svokallað „detention center“ þar sem hún var látin dvelja næturlangt. „Þegar þangað var komið var farið með mig inn í herbergi þar sem ég var látin fara úr öllum fötunum og standa nakin fyrir framan tvo kvenkyns fangaverði. Því næst var ég látin beygja mig fram fyrir ofan spegil og hósta. Þetta er eins niðurlægjandi og hægt er. Þetta er líka gert í hvert sinn sem fangar koma til baka úr dómhúsinu og eftir að þeir hafa fengið heimsóknir.“

Morguninn eftir var Karlotta færð fyrir dómara í dómhúsi borgarinnar. Henni var tilkynnt að hún væri í haldi fyrir að vera ólögleg í landinu án þess að hafa viðeigandi skjöl. Ljóst var að það þyrfti að taka mál hennar fyrir í rétti. Þar

sem hún var talin vera „ógn“ töldu yfirvöld að halda ætti henni í fangelsi í stað þess að sleppa henni gegn tryggingu fram að málsmeðferð. Karlotta var því næst flutt í Worcester County-fangelsið í Maryland en hluti fangelsisins er ætlaður föngum sem eru í haldi á vegum ICE.

„Ég var eina hvíta manneskjan þarna inni, flestar konurnar komu frá Spáni eða Suður-Ameríku. Margar þeirra eru mæður sem höfðu verið teknar frá ungum börnum sínum. Ég gerði ekkert til að verðskulda það að vera þarna. Ég hef átt heima í Bandaríkjunum í 34 ár, greitt skatta í landinu frá því ég byrjaði að vinna 14 ára gömul og eignast þrjú börn sem öll eru bandarískir ríkisborgarar.“

Ómannúðleg framkoma

Karlotta lýsir vægast sagt hörmulegum aðstæðum í innflytjendafangelsinu. „Þetta var eins og að vera dýr í búri. Við vorum oftast læstar inni í klefunum, tvær og tvær saman, og hleypt út nokkrum sinnum yfir daginn og var þá hleypt yfir á annað svæði þar sem er sjónvarp, klósett, nokkrar sturtur og borð þar sem við sátum í matartímum. Það var ekki annað í boði en að gera þarfir sínar og fara sturtu fyrir framan alla. Þar að auki voru öryggismyndavélar úti um allt.“

Hún segir framkomu starfsfólksins hafa einkennst af geðvonsku og hroka. Þetta er vægast sagt mjög ómannúðlegt. Fanga-



ytjenda- munum

áreitni og niðurlægingu

„Ég fékk verkjakast þarna inni, var sárkvalin og maginn bólgnaði upp, en samt var mér neitað um að fara á sjúkrahús.“

verðirnir voru mjög kuldalegir og andstyggilegir og svöruðu öllum spurningum með hroka og yfirgangi. Þeir neituðu föngum um smávægilega hluti eins og klósett-pappír. Oft kom fyrir að það var ekkert rennandi vatn, þannig að það var ekki einu sinni hægt að fara á klósettið. Það var nær aldrei heitt vatn í sturtunum og maturinn var algjörlega óætur, stundum myglaður. Ég er með ofnæmi fyrir sjávarréttum en oft voru í boði túnfisksamlökur eða fiskibuff.“

Hún segir aðgengi að heilbrigðisþjónustu einnig hafa verið afar lélegt. „Ég er með nýrnavandamál sem veldur því að það myndast of mikið kalsíum í þvagini og þar af leiðandi fæ ég rosalega oft nýrnasteina, allt upp í 10 sinnum í mánuði. Verkurinn sem fylgir þessu er ólýsanlegur og ég hef þurft að gangast undir nokkrar aðgerðir vegna þessa. Ég fékk verkjakast þarna inni, var sárkvalin og maginn bólgnaði upp, en samt var mér neitað um að fara á sjúkrahús og þurfti sjálf að losa mig við steinana. Ég geymdi þá í umslagi

til að geta afhent þá lækni síðar meir, þar sem það þarf að greina þá og mæla stærðina. Nokkrum dögum síðar var gerð leit í fangelsinu, ruðst inn í alla klefa og öllu snúði í hvolf. Steinarnir voru þá gerðir upptækir þar sem þeir voru taldir vera smyglvarningur.“

Karlotta segir verðina hafa tekið því mjög illa þegar hún kom öðrum föngum til aðstoðar og benti þeim á hvernig kerfið virkaði í Ameríku.

„Ég vissi meira um innflytjendalög en aðrir fangar og gat þar af leiðandi leiðbeint öðrum og sagt þeim hver réttindi þeirra væru. Verðirnir urðu reidir þegar þeir komust að því og bönnuðu mér að tala um þessa hluti við hina fangana. Ég svaraði því einfaldlega að þeir hefðu engan rétt á því.“

Einangrun í fimm sólarhringa

Karlotta segist einnig hafa þurft að sæta áreiti og ofbeldi af hálfu annarra fanga.

„Í eitt skipti réðst stúlka frá Jamaíku á mig og barði með þeim hætti að ég varð að verja mig. ▶



TUDOR

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA
MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins
af rafgeymum í allar
gerðir faratækja

Mikið úrval -
Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12
577 1515 / skorri.is



„Það var ekki annað í boði en að gera þarfir sínar og sturta sig fyrir framan alla“



„Ég var látin fara úr öllum fötunum og standa nakin fyrir framan tvo kvenkyns fangaverði“

Það eru myndbandsupptökuvélar úti um allt þannig að það á greinilega að vera hægt að sjá að hún átti upptök. Af einhverjum ástæðum var ég engu að síður sett í einangrun í fimm sólarhringa.“

Karlotta nefnir einnig annað skipti, þar sem samfangi hennar, stúlka frá Mexíkó, áreitti hana kynferðislega. Sú stúlka var að hennar

sögn alvarlega veik á geði. „Þegar komið var með hana í fangelsið var hún gargandi og öskrandi og lamdi höfðinu stöðugt í glugga og rimla.“

Karlotta lýsir atvikinu þannig að umrædd stúlka hafi nálgast hana og klefafélaga hennar, meðan á matartíma stóð, og verið með ögrandi tilburði uns hún settist klovvega ofan á Karlottu, renndi

höndinni á milli fótanna og greip í rass hennar.

„Það eru skilti og spjöld úti um allt þar sem stendur að áreitni og ofbeldi sé ekki liðið á meðal fanga. Ég tilkynnti þetta atvik og það þá að skoða upptökur úr öryggismyndavélum. Síðar var mér tjáð að á upptökunni væri bara hægt að sjá hana setjast ofan á mig en ekkert meira. Ég sagðist vera með

fleiri en eitt vitni að þessu atviki en var sagt að það væri ekkert hægt að gera í þessu, og ef ég vildi kæra stelpuna þá gæti ég gert það þegar búið væri að sleppa mér.

Síðar meir komst ég að því að ef það koma upp of margar tilkynningar af þessu tagi þá mun ICE rifta samningum sínum við fangelsið.“

Enginn látinn vita

Hún segir eiginmann sinn, John, hafa verið í stöðugum samskiptum við ICE og hinar ýmsu stofnanir og reynt hvað eftir annað að fá einhver svör. „Mér skilst að þegar einstaklingur er handtekinn af ICE þá beri þeim hjá ICE skylda til að hafa samband við viðkomandi sendiráð og láta vita af því að sá einstaklingur hafi verið handtekinn,“ heldur Karlotta áfram og bætir við að eiginmaður hennar hafi haft samband við íslenska sendiráðið eftir handtökuna og verið sagt að engin tilkynning hefði borist.“

Þann 3. maí síðastliðinn fór Karlotta loksins fyrir rétt í Maryland. „Aftur var ég handjárnud, sett keðja um mittið og hlekkjuð á fötum. Þannig þurfti ég að ganga í gegnum dómhúsið, í fangabúningi og í fylgd tveggja varða sem létu alla færa sig frá þegar við gegnum fram hjá, eins og ég væri stórhættulegur hryðjuverkamaður.“

Hún segir lögfræðing sinni hafa tekist að afla fullnægjandi gagna og að lokum úrskurðaði dómari að enginn ástæða væri til að halda Karlottu í fangelsi. Henni var jafnframt gert að mæta á skrifstofu alríkislögreglunnar til að láta taka

fingerföer og taka af sér ljósmynd. Þá var henni sagt að ef hún kæmist í kast við lögin þá yrði henni umsvifalaust vísað úr landi. „Sem ætti svo sem ekki að vera mikið vandamál enda hef ég ekki stund að það að brjóta lög!“

Karlotta segir fjölskyldu sína ekki síður hafa upplifað helviti á þessu rúmlega hálfá ári og óvissan hafi verið nagandi.

„Yngri sonur minn brást við með því að fara inn í sig og loka sig af. Elsta dóttir mín neitaði að fara í skólann og sú yngri grét stanslaust. Fyrsta mánuðinn í fangelsinu vildi ég ekki að börnin mín kæmu að heimsækja mig. Ég gat ekki hugsað mér að láta þau horfa upp á mömmu sína í fangabúningi á bak við rimla.“

Ég er kannski heppin að því leyti að börnin mín eru orðin þetta gömul, en ég get ekki ímyndað mér hversu hrikalegt það er að vera í þessari stöðu og eiga lítil börn sem þarfnast þín.“

Hún býður enn eftir því að ákveðnir pappírar og gögn skili sér frá ICE áður en hún getur tekið næstu skref. Einnig svo hún geti flogið til Íslands og hitt föður sinn á ný, en hún hefur miklar áhyggjur af heilsu hans.

„Ég missti leigubúðina mína á Akureyri. Pabbi minn þurfti að fara á hjúkrunarheimili. Þetta er búið að kosta mikla peninga, lögfræðikostnað og annað. Mér finnst svo ósanngjarnt hvernig þetta fór allt saman. Mér finnst ég vera að gjalda fyrir mistök annarra. En það kemur ekki annað til greina en að byrja upp á nýtt.“ ■

LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM



Sjálfstandandi greiðslulausnir og handfrjálsir posar

Verifone®

Greiðslulausnir tengdar helstu afgreiðslukerfum

Hlíðasmára 12 201 Kópavogi verifone@verifone.is S: 544 5060

LION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tíslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

Stærsta hlutverkið blasir við Ævari Þór

„Þegar mistökkin eiga sér stað verður maður bara að læra af þeim“

■ **Tekst á við fordæmalausan skala í íslensku barnaefni**

Frá sex ára aldri átti **Ævar Þór Benediktsson** þann draum að gerast leikari. Þann draum fékk hann uppfylltan með meiru og er, ásamt mörgum heitum, orðinn einn vinsælasti höfundur Íslands. Eins og lengi hefur tíðkast eru mörg járn í eldinum hjá Ævari og á næstunni bíða hans stærri verkefni en hann hefur áður fengist við.

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Ekki er nóg með að bóka fjöldi hans verði kominn langt yfir fyrsta tuginn fyrir lok ársins, heldur vinnur hann hörðum höndum við metnaðarfulla leik-sýningu og sjónvarpsþáttaröð af stærðargráðu sem á sér ekkert for-

dæmi á klakanum, en þess á milli tekst hann á við sitt mikilvægasta hlutverk, sem skákar öllum öðrum: hlutverk hins nýbakaða for-eldris.

Ævar var ekki lengi að fanga athygli almennings þegar hann landaði stóru aukahlutverki í sjónvarpsþáttaröðinni Dagvaktinni fyrir tíu árum. Þar lék hann hinn feimna en hjartahlýja Óðin, ástmann Georgs Bjarnfredarsonar, en hlutverkið barst honum í hendur eins og þruma úr heiðskíru lofti á þeim tíma. Þá var Ævar á þriðja ári í leiklistarnámi LHÍ og bjóst seint við því að fá stórt hlutverk vegna framkomubanns í skólanum. Þótti honum það vera besti tíminn til þess að fá sér spangir, en hann hafði ýtt því á undan sér í mörg ár.

„Það fyrsta sem ég heyrði þegar ég var nýkominn með spangirnar var að framkomubanninu hefði verið aflétt og við mættum taka við hverju sem okkur byðist. Eftir að hafa hugsað smástund að enginn myndi vilja ráða mig, þá fékk ég þetta hlutverk og þá kom einnig í ljós að karakterinn hentaði mjög vel,“ segir Ævar. „Ég er mjög ánægður að þetta tímabil í mínu lífi hafi verið skrásett jafn vel og raun ber vitni.“

Ástin kviknaði við fjarveru Stebba Hilmars

Nokkrum árum eftir sýningu og velgengni Dagvaktarinnar kynntist Ævar sinni heittelskuðu, Védís Kjartansdóttur, sem hann trúlofaðist í fyrra. Þau hafa verið saman í átta ár og voru örvar Amors farnar að hitta mark þegar Ævar, nýútskrifaður úr leiklistardeild Listaháskólans, lék í sýningu sem Védís stóð að ásamt vinkonum sínum, þeim Berglindi Festival, Ásrúnu Magnúsdóttur og Rósu

Ómarsdóttur en saman skipuðu þær sviðslistahópinn Hnoð. „Védís bjó úti í Brussel á þessum tíma og var að læra dans í P.A.R.T.S.-danskólanum en kom heim yfir sumarið. Þær vinkonurnar í Hnoð settu upp mjög súra og skemmtilega sýningu sem hét Snoð,“ segir Ævar.

„Þær vildu reyndar fá Stebba Hilmars í sýninguna til að koma og syngja lagið Ekkert breytir því. Hann var upptekinn, þannig að þær hringdu í mig og báðu mig um að koma og leika Stebba. Í miðju lagsins var svo hestur teymdur inn á sviðið, ég kom mér á bak og kláraði að sjálfsögðu númerið áður en við hrossið vorum teymd út af sviðinu.“

Tilfinningin að fara á hestbaki út af sviðinu í miðjum söng reyndist Ævari blendin, enda var hljómsveitin, sem spilaði lagið, á sviðinu og lætin því mikil. „Ég er alinn upp í sveit í kringum hesta og ég veit að ef það er trommu-sett einhvers staðar nálægt, þá getur brugðið til beggja vona. En þetta gekk vel, enda bæði fólk og hross hokin af reynslu, og þannig kynntumst við Védís,“ segir Ævar og tekur undir orð blaðamanns um að þetta hafi verið fínasta innkoma að kynnum þeirra skötu-hjúa og bætir Ævar við að galdurinn sé auðvitað að fylgja henni eftir. Þó má segja að það sé alfar- ið fjarveru Stefáns Hilmarssonar að þakka að parið hafi komið sér saman og erfinginn í kjölfarið.

Á þeim nótum leynir Ævar ekki spenningi sínum um foreldrarulluna og hlakkar hann gríðarlega til þess að taka meiri þátt, hjálpa til í fjölskyldulífinu og ekki síður leyfa unnustunni að hvíla sig eftir því sem aðstæður bjóða upp á. „Maður reynir að standa sig eins vel og maður getur,“ segir Ævar. „Enginn

prima



Gefur þetta
EXTRA

Frábært á kjötið, í sósuna og ídýfunu

Aðspurður um skapandi ferlið sjálft segist Ævar oft fá innblástur eða aðstoð frá kvikmyndatónlist og söngleikjum, sem hann spilar títt í miðjum skrifum. Hann nefnir að tónlist úr kvikmyndum á borð við Logan, Mission: Impossible – Fallout, Moon og Swiss Army Man hafi reglulega farið í spilun undanfarið. „En síðan gerist það, þegar ég les yfir skrifin, þá hlusta ég á söngleiki,“ segir hann og nefnir þrjá lykilsöngleiki sem hann notast mikið við, en þeir eru Hamilton, Dear Evan Hansen og Groundhog Day-söngleikurinn.

„Ég hef meira að segja spáð í að búa til og deila lagalistum fyrir hverja bók, en á hverjum lista yrði þá tónlistin ég var að hlusta á þegar bókina var skrifuð. Þannig er hægt að fullkomna upplifunina og koma lesandanum lengra inn í heim bókarinnar,“ segir hann sæll.

Pitt eigið svið og sjónvarp

Í janúar á næsta ári má sjá lokafrakstur Ævars í að flytja sögustíl bókanna frá lesendum til áhorfenda. Þá hefjast sýningar á Þínu eigin leikriti – Godsögu, þar sem salurinn ræður því hvað gerist næst. Sýningar fara fram í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu og segir Ævar markmiðið vera að búa til einstaka leikhúsupplifun. „Það var haldinn samlestur í vor og eftir það var handritið sett ofan í skúffu til að marínerast yfir sumarið. Ég hlakka til að kíkja á það aftur nú þegar skrifum á Tímaferðalaginu er lokið,“ segir hann hress. „Þú getur farið á leikritið aftur og aftur og færð aldrei nákvæmlega sömu sýningu.“

Ævar segir Kúluna vera fullkominn stað fyrir sýningu af þessu tagi. „Það er svo mikil nánd í Kúlunni. Það er ekki langt á milli leikara og áhorfenda, sem er fullkomið þar sem áhorfendur eru hluti af sýningunni því þeir ráða hvað gerist. Að því sögðu verður enginn dreginn upp á svið,“ segir hann en bætir þó við, „allavega ekki margir.“

Hitt verkefnið sem Ævar hefur glímt við er sjónvarpsþáttaröð sem byggð verður á bókinni Þín eigin Þjóðsaga, sem að hans sögn verður „í anda Lemony Snicket og Tim Burton.“ Þættirnir eru unnir í samstarfi við RÚV, kvikmyndagerðarmanninn Guðna Líndal Benediktsson, bróður Ævars, og Fenrir Films.

„Góðir hlutir gerast hægt, en þetta er í vinnslu,“ segir Ævar. „Það er líka gott að það gerist hægt, því þá höfum við tíma til að virkilega vanda okkur. Þættirnir verða sex talsins og þegar áhorfendur sjá þá eru þeir rúmar 20 mínútur að lengd. Hins vegar verður búið að taka upp 50 mínútur af efni vegna þess að líkt og í bókunum og leiksýningunni munu áhorfendur ráða hvað gerist í hverjum þætti. Ég skrifa tvo og Guðni bróðir fjóra. Eins og við sjáum þetta fyrir okkur er þetta barnaefni á skala sem hefur ekki verið í boði hér á landi áður. Þetta verður stórt og öðruvísi.“

Ævar bætir því við að það sé æðislegt að takast á við svona verkefni með bróður sínum og fá um leið að kynna betur kvikmynda-gerðarmanninum í bróður sínum og vinna með honum.

Ágengara afþreyingarefni

Af þaulreyndum raddleikara að vera þykir Ævari það ekki fara á milli mála að barnaefni sé orðið miklu ágengara og hraðara í dag en áður fyrr, en segir það fylgja þróun þegar streymisveitur og sjónvarpsstöðvar eru við hvert horn. „Þegar allir eru með þúsund stöðvar, þá þarftu að ná fólki í þessar sekúndur sem það er að flakka á milli. Þetta er agressifara en til dæmis teiknimyndirnar voru sem ég horfði á í



Myndir/Hanna

æsku, en í dag þarf að alltaf að vera eitthvað til þess að ná þér strax og halda þér,“ segir hann.

„Eftir að ég byrjaði að vinna við að talsetja komst ég að því að helmingurinn af starfinu er að öskra. Flestar teiknimyndapersónur eru ýmist að hrapa, detta eða meíða sig. Það er reyndar magnað, því maður kemur stundum sveittur út úr stúdíóinu. Ég var kannski búinn að vera öskrandi íkorni í einhverja klukkutíma og fannst eins og ég þyrfti að fara heim og leggja mig.“

Á móti segist Ævar fullkomlega skilja hvernig börnum þyki símar og spjaldtölvur ofboðslega spennandi. „Það er náttúrulega bara allt þarna,“ segir hann. „Ef þú hefur til dæmis áhuga á fótbolta, þá kveikirðu bara á YouTube og það er endalaust af myndböndum þar. Þegar ég var yngri og fékk lánað tölvuspil hjá vini mínum, þá þurfti strax að setja hálf tíma reglu og ekkert meira, annars hefði ég bara verið í þessu stanslaust. Ég skil því vel að síminn sé spennandi.“

Ævar vill meina að höfundum beri ákveðin skylda til að „búa til bækur sem eru vonandi nógu skemmtilegar, spennandi og áhugaverðar til að, ef ekki trompa símann, allavega sýna að bækurnar

séu spennandi á allt annan hátt. „Þar byrðu til þinn eigin heim, þær ýta undir ímyndunaraflíð og setja allt af stað. Það er nefnilega ekkert sem jafnast á við góða bók. Nema ef vera skyldi tvær góðar bækur.“

Mikil vakning í barnameningu

Ævar hefur látið sig minnkandi lestraráhuga barna á tímum snjallsíma, samfélagsmiðla og offramboðs á YouTube miklu varða en í fjórum lestrarátökum Ævars vísindamanns hafa verið lesnar rúmlega 230 þúsund bækur samtals. „Þessar tölur sýna að krakkar nenna að lesa, en það þarf að hvetja þá á réttan hátt. Vonandi hefur þetta átak leitt til þess að nýir lesendur hafa orðið til, eða jafnvel nýir höfundar seinna meir,“ segir Ævar og tekur fram að í Þjóðfélaginu hafi undanfarið verið mikil vakning hvað barnameningu varðar.

„Barnamenningsjórðurinn var til dæmis settur aftur á lagginnar, en það að honum hafi verið slaufað er náttúrulega fátíðlegt til að byrja með. Sögur – hátíðin sem haldin var í Hörpu í vor er vonandi komin til að vera og svo sér maður á metsölulistunum í lok hvers árs að helmingur mest seldu bókanna er barnabækur, en þannig var það ekki fyrir

Helmingurinn af því að „döbba“ er að öskra

nokkrum árum. Þess vegna kallar maður auðvitað á frekari umfjöllun í fjölmiðlum um barnabækur, en sú umfjöllun er varla til staðar í dag.“

Aðspurður hvort standi til að vera öflugur að lesa fyrir frumburðinn svarar Ævar kátur. „Ég var reyndar nýlega spurður: „Hvað ætlar þú að gera ef strákurinn þinn hefur svo engan áhuga á bókum?“ og ég svaraði að það væri bara í góðu lagi,“ segir Ævar. „Það verður þá bara verkefni að vekja áhuga hans á bókum, alveg eins og ég veit að hann á eftir að fá áhuga á einhverju sem ég hef aldrei spáð í og þarf þá að kynna mér. Hann á örugglega eftir að kenna okkur báðum foreldrunum heilan helling og hafa áhrif á okkur á ótrúlegasta máta. Ætli það endi ekki þannig að það verði lítill strákur í aðalhlutverki í bók eftir mig eftir tvö ár?“ ■

er vissulega fullkominn en þegar mistökín eiga sér stað verður maður bara að læra af þeim.“

Sækir innblástur í söngleiki og kvikmyndatónlist

Ævar lagði á dögnum lokahönd á bókina Pitt eigið tímaferðalag, sem stendur til að gefa út í vetur. Sögurnar í þessum bókaflökki hjá höfundinum hafa selst eins og heitar lummur á síðustu árum og stefnir allt í að sú fimmta og nýjasta verði sú umfangsmesta til þessa. Lesandinn ræður hvað gerist í bókinni, en allar bækurnar bjóða upp á fleiri tugi mögulegra málalykta og þannig er hægt að lesa bókina aftur og aftur. Þá bætir Ævar við að Tímaferðalagið muni bjóða upp á enn fleiri málalok en venjulega og á einum stað gengur bókinn í hring og verður þannig endalaus.

Ævar rifjar upp viðtökurnar sem fyrsta bókinn í þessum flokki fékk á sínum tíma, en hún hreppti meðal annars Bókaverðlaun barnanna árið 2015. Segir höfundurinn að þarna hafi orðið til stemning sem hann gerði sér ekki grein fyrir fyrirfram. „Ég fór að heyra af því að systkini væru að lesa þetta saman, fjölskyldur og jafnvel vinir í frímínútum. Þarna er komin einhver hópstemning þar sem fólk ákveður framhaldið í sameiningu,“ segir hann.

„Ég segi oft við krakka að þetta séu fullkomnar bækur til að lesa með öðrum, því þá getur þú kennt hinum um ef illa fer. Ég hef líka oft hugsað að þetta séu finar bækur fyrir fólk sem á erfitt með að velja, erfitt með að kjósa og slíkt. Þá er gaman að geta þess að léttlestrarbókaútgáfa af Þín eigin-bókunum kemur út um miðjan ágúst, þar sem áherslan er lögð á yngri lesendur, stærra letur og fleiri myndir.“

r
HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

ÓTRÚLEG TILBOÐ



LAYLA PLUSH (160x200cm)
30% AFSLÁTTUR
Aðeins 130.415 kr.
Fullt verð 186.306 kr.
Dýna, botn og fætur fylgja



LAYLA PLUSH (180x200cm)
30% AFSLÁTTUR
Aðeins 157.509 kr.
Fullt verð 225.013 kr.
Dýna, botn og fætur fylgja




LAYLA PLUSH
30% AFSLÁTTUR
KOMDU NÚNA OG GERDU FRÁBÆR KAUP

Layla er millistíff heilsudýna með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is





Birgir Kjaran sat á þingi fyrir Sjálfstæðis- flokkinn

Birgir Kjaran var sá úr Flokki Þjóðernissinna sem náði hvað lengst á pólitískum vettvangi en hann sat á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn um átta ára skeið.

Í janúar árið 1933 bauð Birgir sig fram til formanns Framtíðarinnar, nemendafélags í Menntaskólanum í Reykjavík, og hafði þar sigur. Voru nemendafélög þá allflokkspólitískari en nú gengur og gerist.

Premur mánuðum síðar var Þjóðernishreyfingin stofnuð og var snemma ljóst að Birgir veitti henni stuðning. Síðar varð hann virkur í Flokki Þjóðernissinna. Þetta gátu menntskælingar ekki þolað og fór svo að samþykkt var vantrauststillaga á Birgi og honum steipt, sem er einsdæmi í sögu félagsins. Eftir stúdentspróf nam hann hagfræði við háskólana í Kiel og München í Þýskalandi.

Birgir gekk í Sjálfstæðisflokkinn og sat í bæjarstjórn Reykjavíkur árin 1950 til 1954 og á Alþingi árin 1959 til 1963 og 1967 til 1971. ■

„ENGINN AF ÞEIM ÞURFTI AÐ GJALDA ÞESS Á NOKKURN HÁTT“



Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Armur Sjálfstæðisflokksins ósáttur við Gúttó

Þegar nasisminn óx í Þýskalandi á fjórða áratug síðustu aldar spruttu upp fasískar hreyfingar víða um Evrópu sem náðu mismikilli föt-festu. Hér á Íslandi kolféll stefnan þótt Þjóðernissinnar væru mjög sýnilegir og duglegir að víðra sín sjónarmið. Um áratuga skeið lá þessi saga í þagnargildi en árið 1988 skrifuðu bræðurnir Illugi og Hrafn Jökulssynir tímamótabók þar sem steinum var velt ofan af þessari ljótu fortíð.

Þjóðernishreyfing Íslendinga var stofnuð árið 1933 að þýskri fyrirmynd en helsta kveikjan að stofnun flokksins var Gúttóslagurinn svokallaði, 9. nóvember árið 1932. Kreppan var þá í hámei og atvinnuleysi mikið og ákvað bæjarstjórn að lækka launin í atvinnubótavinnunni. Eftir fundinn í Gúttó, góðtemplarahúsi Reykjavíkur, þar sem þessi ákvörðun var tekin urðu uppþot og slagur á milli lögreglu og verkamanna. Verkamenn, studdir af kommúnistum, höfðu betur í slagnum og hætt var við tillöguna.

Margir Sjálfstæðismenn yst á hægri vængnum voru ósáttir við slíka „lögleysu“ og fannst flokkurinn ekki hafa bein í nefinu til að takast á við þennan uppgang kommúnista. Einnig voru óánægðir Framsóknarmenn meðal stofnenda sem og fólk sem ekki hafði verið í stjórnámálum áður en hreift af hinum þýska nasisma og Hitler sem var þá ný orðinn kanslari.

Helstu stefnumál Þjóðernishreyfingarinnar var að vernda íslenska þjóðmenningu og hvíta kynstofninn. Vildu flokksmenn loka fyrir innflutning fólks nema sérmenntað fólk sem Íslendingar

þyrftu á að halda. Vandamál flokksins var hins vegar að Ísland var mjög einsleitt samfélag á fjórða áratugnum og lítið af útlendingum á landinu, nema þá Dönum sem komnir voru af kaupmönnum. Þýski nasisminn byggði að miklu leyti á gyðingahatri en sárafáir gyðingar voru búsettir á Íslandi. Íslensku þjóðernissinnarnir beindu því spjótum sínum aðallega að kommúnistum.

Vinsælir í MR og Háskólanum

Innbyrðisdeilur komu fljótt upp hjá Þjóðernishreyfingunni, líkt og oft gerist hjá nýjum öfgaflokkum, og ollu þær því að flokkurinn

BJÖRN SV. BJÖRNSSON DÆMDI MANN TIL DAUÐA

Björn var liðsmaður Waffen SS og sonur Sveins Björnssonar, fyrsta forseta Lýðveldisins. Björn kynntist nasismanum eftir að hann flutti til Hamborgar árið 1930 en þar starfaði hann hjá Eimskipum.

Þegar seinni heimsstyrjöldin hófst starfaði hann sem fréttaritari á austurvígstöðvunum en síðan var hann sendur í áróðursdeild í Kaupmannahöfn þar sem hann starfaði bæði við blaðaútgáfu og útvarp. Í stuttan tíma var honum treyst til að stýra danska ríkisútvarpinu.

Birni var einnig treyst til að sitja í dómarasæti í einstökum málum. Í einu slíku máli árið 1945 dæmdi hann danskan, fyrrverandi SS liða til dauða fyrir liðhlaup og þjófnað. Óvíst er hvort dómnum var framfylgt þar sem Þjóðverjar gáfust upp degi seinna.

Björn gaf sig fram eftir uppjöfina og sat í fangelsi í Danmörku til ársins 1946 þegar honum var sleppt vegna þrýstings frá Íslandi. Sveinn var þá orðinn forseti. Eftir það bjó Björn ýmist á Íslandi, Argentínu eða Þýskalandi og vann ýmis störf. Meðal annars seldi hann alfræðiorðabækur og kenndi tónlist. ■



Ólafur Pétursson kom upp um andspyrnumenn

Hann var kallaður íslenski böðullinn og var samstarfsmaður þýskra nasista í Noregi. Ólafur hélt til Noregs í nám skömmu fyrir stríð og kynntist þar mönnum úr leyniþjónustu þýska hersins. Hann gekk þeim á hönd og kom upp um marga úr norsku andspyrnuhreyfingunni, sérstaklega í borginni Björgvin. Lentu margir í fangabúðum og rúmlega tuttugu voru drepnir vegna Ólafs.

Einn af þeim sem Ólafur kom upp um var íslenskur maður að nafni Leifur Müller, sem ætlaði að yfirgefa landið með ólöglegum hætti. Þar hann sendur í Sachsenhausen-búðirnar, skammt frá Berlín, þar sem beið hans vísitvist sem hann náði sér aldrei fyllilega eftir.

Í stríðslok var Ólafur kominn til Danmerkur og þaðan ætlaði hann að flýja til Íslands með skipinu Esju. En Bretar stöðvuðu skipið, handsömuðu hann og komu honum aftur til Noregs til að svara fyrir glæpi sína. Þar var hann dæmdur til 20 ára þrælk-



unarvinnu vorið 1947 en Íslendingar þrýstu fast á að honum yrði sleppt til Íslands sem var gert sama ár, Norðmönnum til mikillar gremju.

Allir flokkar í utanríkis-málanefnd Íslands vildu Ólaf lausan, líka Sósíalistar, og Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra gekk harðast fram. Eftir stríðið stofnaði Ólafur endurskoðunar-skrifstofu í Reykjavík. ■

klofnaði aðeins ári eftir að hann var stofnaður. Árið 1934 var því stofnaður nýr Flokkur Þjóðernissinna. Sá flokkur reyndist mun skipulagðari en forveri sinn og bauð fram til kosninga árið 1934, bæði til Alþingis og bæjarstjórnar Reykjavíkur, en hafði ekki erindi sem erfiði. Hinn nýi flokkur var að miklu leyti spröttinn upp úr ungliðahreyfingu Þjóðernishreyfingarinnar, Fánaliðunum sem marsuðu um með íslenska fána og sungu ættjarðarlög.

Í bæjarstjórnarkosningunum hlaut flokkurinn tæplega 400 atkvæði og 2,79 prósent atkvæða sem var langt frá því að duga fyrir fulltrúa. Í alþingiskosningunum fékk flokkurinn færri atkvæði og samanlagt 0,7 prósent. Ekki var árangurinn betri í næstu kosningum á eftir. Eitt af vandamálum þessara hreyfinga var að margir stuðningsmennirnir voru óharðnaðir unglingar sem höfðu ekki aldur til að kjósa. Þjóðernissinnar náðu eyrum margra nema, bæði í Menntaskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands. Áttu þeir þar bæði inspector scolae og fulltrúa nemendaráðs um tíma.

Jarðvegurinn til staðar

Bræðurnir Illugi og Hrafn Jökulsynir skrifuðu bókina Íslenskir nasistar árið 1988 sem rokseldist en þar ráku þeir þessa merkilegu sögu sem fæstir Íslendingar þekkja mjög vel. Illugi segir:

„Okkur fannst vanta umfjöllun um íslensku nasistana. Að það hafi yfir höfuð verið til nasistaflokkur á Íslandi hafði verið mikið feimismál í langan tíma. Ásgeir Guðmundsson sagnfræðingur hafði skrifað nokkuð um þetta í tímaritsgreinum en það vantaði bók. Því gengum við í þetta.“

Illugi segir að margir sem þeir ræddu við hafi ekki haft neinn áhuga á að rifja þennan tíma upp og skelltu þeir miskurteislega á þá í símanum.

Af hverju gekk þjóðernisflokkunum svona illa að ná fylgi á Íslandi?

„Við fundum aldrei nein góð svör við því en við Íslendingar getum verið ánægðir með að þeir hafi ekki náð neinni föttestu. Það hefði alveg eins verið hægt að búast við góðu



Illugi og Hrafn með tímamótabók. Morgunblaðið 30. nóvember 1988

gengi því að þær þjóðernishugmyndir sem hér voru ríkjandi voru ekkert mjög langt frá því sem flokkarnir boðuðu. Efnahagslegur jarðvegur var einnig til staðar þar sem Ísland fór illa út úr kreppunni. En við höfðum vit á því að stíga skrefið ekki lengra en til hefðbundinnar þjóðræknis og fáir sem leiddust út í þessa vitleysu. Sjálfsagt hefðu sterkari leiðtogar skipt einhverju máli en það er ekki gott að segja. Í sumum Evrópulöndum náðu nasista- og fasistahreyfingar fylgi en í öðrum ekki.“

Vildu þeir afnema lýðræðið?

„Já, ábyggilega. Þeir fylgdu þeim fasisku straumum sem bárust frá Evrópu og fyrirlitningu á lýðræðinu en sem betur fer var fylgi þeirra aldrei það mikið að þeir stæðu frammi þeirri spurningu að ræða um framtíðarskipulagið.“

Purftu aldrei að gjalda

Íslenskir þjóðernissinnar voru fámenntur en vel sýnilegur hópur með sína einkennisbúninga og fánahyllingar og sólunduðu aldrei tækifæri til að sýnast stærri en þeir voru í raun. Þannig gekk það allan fjórða áratuginn á meðan fasisminn óx í Evrópu og óveðursskýin hrönnuðust upp. En þegar Bretar hernámu landið þann 10. maí árið 1940 lækkaði hratt á þeim risið.

„Þeir létu lítið fyrir sér fara eftir það. Áhuginn var lítill að ganga til liðs við Þjóðverja fyrir hernámið en eftir það hurfu þjóðernissinnarnir undir yfirborðið. Það komu upp einstök tilvik þar sem íslenskir þjóðernissinnar grýttu hermenn

á götum úti en ekkert stóralvarlegt. Margir af þeim gengu þá í Sjálfstæðisflokkinn og sumir urðu áhrifamenn þar. Sumir af þeim áttu að stunda njósnir hér á landi og þeir sem voru erlendis voru jafnvel sendir hingað með kafbátum til þess en sú starfsemi var í skötulíki þegar allt kom til alls. Sumir fóru og börðust á austurvígstöðvunum og sú saga hefur ekki verið sögð nema að litlu leyti enda höfðu þeir ekki hátt um það þegar þeir sneru aftur.“

Hvernig tóku Íslendingar á sín- um nasistum eftir stríðið?

„Þeir reyndu að þegja það í hel og þrýstu á að fá handtekna nasista heim til að þeir slyppu við refsingu. Eftir stríðið vegnaði mörgum af þessum mönnum þrýðilega í íslensku þjóðfélagi og komust til áhrifa, bæði í stjórnmálum og í viðskiptum. Sjálfsagt fóru einhverjir í hundana eins og gerist en enginn af þeim þurfti að gjalda þess á nokkurn hátt að hafa verið nasisti. Það var þagað um þetta í marga áratugi eftir stríð.“

Hvað varð um þessi öfgafullu viðhorf, frá stríðslokum þar til nýju þjóðernisflokkarnir voru stofnaðir?

„Það var ákveðin þjóðernisbylgja í gangi eftir sjálfstæðið og tiltölulega eðlilegur þjóðernisbelgingur fékk útrás samfélaginu og þótti almennt viðurkennt. En þessi viðhorf hurfu aldrei og lágu alltaf undir yfirborðinu. Þetta sást til dæmis þegar Íslendingar vildu ekki að svartir hermenn kæmu til Íslands til að starfa á herstöðinni í Keflavík.“

HINIR NÝJU ÞJÓÐERNISSINNAR

Um áratuga skeið vogaði enginn íslenskur stjórn-málaflokkur sér að nota þjóðernishyggju eða útlendingamál til þess að afla sér fylgis. Það var þegjandi samkomulag að fara ekki inn á þá braut. Á þessari öld fóru flokkar hins vegar að daðra við þjóðernishyggjuna enn á ný líkt og smáflokkarnir á fjórða áratugnum, en nú í hálfgerðri örverantingu. Fyrst þingmenn Frjálslynda flokksins þegar fylgi hans fór að dala og síðan Framsóknarflokkurinn í borgarstjórnarkosningunum árið 2014.

Þetta var hins vegar ekki nóg að margra mati og var því stofnaður sérstakur flokkur sem hafði það á stefnuskránni að hampa íslenski þjóðmenningu og beita sér gegn innflutningi fólks til Íslands, Íslenska þjóðfylkingin. Lítið var til

flokka í Evrópu á borð við Þjóðfylkinguna í Frakklandi, Svíþjóðardemókratana og Danska þjóðarflokkinn sem allir hafa beitt sér sérstaklega gegn innflutningi múslima og moskubyggingum.

Flokkurinn bauð fram í alþingiskosningunum árið 2016 en fékk aðeins 303 atkvæði, eða 0,2 prósent og framboðið varð helst þekkt fyrir að tveir oddvitar hafi klofið það á lokametrunum. Annar klofningsmannanna, Gunnlaugur Ingvarsson, stofnaði síðar nýjan þjóðernisflokk Frelsisflokkinn og minnir það óneitanlega á klofningsmanninn árið 1934. Báðir flokkarnir buðu fram til borgarstjórnar Reykjavíkur í vor og varð Frelsisflokkurinn hlutskarpri með 147 atkvæði gegn 125 atkvæðum Íslensku þjóðfylkingarinnar. ■



Gunnlaugur Ingvarsson Formaður Frelsisflokksins og fyrrverandi oddviti Íslensku þjóðfylkingarinnar



Guðmundur Þorleifsson Formaður Íslensku þjóðfylkingarinnar



Gústaf Nielsson Fyrrverandi oddviti Íslensku þjóðfylkingarinnar



Jón Valur Jensson Frambjóðandi Íslensku þjóðfylkingarinnar



Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir Fyrrverandi borgarfulltrúi Framsóknarflokksins



Jón Magnússon Fyrrverandi þingmaður Frjálslynda flokksins



Gísli „Gitler“ Sigurbjörnsson rotaður á kolabingnum

Gísli var einn stofnandi og formaður Þjóðernishreyfingar Íslendinga árið 1933 og eftir það var hann gjarnan kallaður Gitler af pólitískum fjendum sínum enda hafði Gísli Adolf Hitler í miklum metum.

Árið 1928 hélt hann til Dresden til náms og hreyfst þar af öllu þýsku og sér í lagi nasismanum. Foreldrar hans stofnuðu dvalarheimilið Grund og átti hann síðar eftir að taka þar við sem forstjóri en á þessum árum var hann frimerkjasalí, sá fyrsti á Íslandi.

Ekkert hataði Gísli meira en kommúnisma sem hann kallaði „dulbúna drepsótt“ en hann átti

eftir að heyja ýmsar rimmur við þá sem formaður þjóðernissinna, sér í lagi ein slagsmál á kolabing við Reykjavíkurtjörn í apríl 1933. Þar reyndu þjóðernissinnar að hleypa upp samstöðufundi kommúnista en Ein- ar Olgeirsson og fleiri veittust að þeim. Gísli reyndi að stilla til friðar en var þá sleginn í rot og færður til læknis. Seinna var Gísli steipt úr formannssætinu fyrir linkind við kommúnista.

Gísli kom víða við, var formaður íþróttafélagsins Víkings og stofnaði Krabbameinsfélag Íslands. Árið 1987 hlaut hann íslensku fálkaorðuna. ■

Er fyrirtækið þitt tilbúið fyrir nýju persónuverndarlögin?

Hafðu samband við okkur í gegnum DattacaLabs.com

DATTACA LABS
Þinn persónuverndarfulltrúi

REISTUR Í SKJÓLI MYRKURS – RIFINN NIÐUR Í KASTLJÓSI HEIMSPRESSUNNAR

Ris og fall Berlínarmúrsins



Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Skjól myrkurs var Berlínarmúrin, Berliner Mauer á Þýsku, reistur aðfaranótt 13. ágúst 1961. Hann skipti Berlín

í tvennt og þar með Þýskalandi í tvennt, Austur- og Vestur-Þýskaland. Markmiðið með byggingu múrsins var að koma í veg fyrir að óánægðir íbúar Austur-Þýskalands gætu flúið til vesturs. Þegar hann féll þann 9. nóvember 1989 gerðist það nær jafn skyndilega

og þegar hann reis. Í 28 ár hafði múrinn verið eitt helsta tákni kalda stríðsins og járntrjaldsins sem skildi að hina sovésku Austur-Evrópu og lýðræðisríkin í vestri.

Að síðari heimsstyrjöldinni lokinni skiptu sigurvegarar

stríðsins, Bandamenn, hinu sigraða Þýskalandi í fjögur svæði. Á Potsdam-ráðstefnunni var samþykkt að Bandaríkin, Bretland, Frakkland og Sovétríkin fengju eitt svæði hvert í sinn hlut. Sömu aðferð var beitt við höfuðborg Þýskalands, Berlín.

En samband Sovétríkjanna annars vegar og hinn þriggja ríkjanna hins vegar versnaði hratt og í stað samvinnu um hið her-setna Þýskaland tók við keppni og deilur. Eitt þekktasta dæmið er herkvíin sem Sovétríkin settu á Vestur-Berlín í júní 1948 en þá var lokað fyrir alla birgðaflutninga til og frá borginni. Þetta leystu Bandamenn með loftbrú og herkvíin féll um sjálfa sig.

Í upphafi var rætt um að sameina Þýskaland en í kjölfar versnandi samskipta Sovétríkjanna og hinna þriggja ríkjanna snerist þetta fljótlega upp í Vestur-Þýskaland gegn Austur-Þýskalandi og lýðræði gegn kommúnisma. Þetta varð opinbert 1949 þegar svæðin sem Bandaríkin, Bretland og Frakkland réðu yfir urðu að Vestur-Þýskalandi og svæði Sovétmanna að Austur-Þýskalandi. Sama átti við í Berlín en borgin var algjörlega á yfirráðasvæði Sovétmanna svo Vestur-Berlín varð að einhvers konar eyju í Austur-Þýskalandi kommúnista.

Mikill efnahagslegur munur

Á skömmum tíma varð mikill munur á lífskjörum í austur- og vesturhlutanum. Í Vestur-Þýskalandi var tekið upp kápítalískt hagkerfi og hagvöxtur varð mikill. Ef fólk var tilbúið til að vinna gat það lifað góðu lífi, keypt sér ýmislegt sem hugurinn girntist

og ferðast. Í austurhlutanum var staðan allt önnur. Sovétmenn höfðu litið á hann sem herfang og höfðu flutt vélar og tæki og önnur verðmæti heim til Sovétríkjanna. Þegar Austur-Þýskaland varð ríki 1949 var það nánast undir beinni stjórn Sovétmanna og kommúnísku stjórnar-fyrirkomulagi var komið á. Efnahagurinn náði sér ekki á strik og frelsi fólks var mjög takmarkað.

Þegar kom fram á 1952 var Austur-Þýskaland eiginlega orðið að virki, ekki til að halda óvinum úti heldur til að halda íbúunum inni. Fólk flúði í stríðum straumum yfir til vesturs. En í Vestur-Berlín var enn opið á milli austur- og vesturhlutans. Fólk streymdi því þangað og yfir landamærin til vesturhlutans. Sumir voru stoppaðir en mörg hundruð þúsund manns tókst að komast til vesturs. Flogið var með fólki til Vestur-Þýskalands. Margir flóttamannanna voru ungt fólk með góða menntun og í upphafi sjöunda áratugarins var austurhlutinn að missa vinnuafli og íbúa á miklum hraða. Talið er að frá 1949 til 1961 hafi 2,7 milljónir flúið austurhlutann til vesturs.

Til að stöðva þennan flóttu var gripið til þess ráðs að loka fyrir auðvelt aðgengi fólks að vesturhluta Berlínar.

Í kjölfar frægra orða Walters Ulbricht, formanns ríkisráðs Austur-Þýskalands, 1961, „Niemand hat die Absicht, eine Mauer zu errichten.“ (Enginn ætlaði að reisa múr), jókst straumurinn til vesturs og næstu tvo mánuði fóru um 20.000 manns yfir til vesturhlutans. Orðrómur var uppi um að eitthvað ætti að gerast á ▶

Morgunmatur
Hádegismatur
Kvöldmatur

Matstöðin

Tale and Food Service
Heimsmatur

Matstöðin

Nýr Matsedill
á hverjum degi!

Kópavogsbraut 115 / 200 Kópavogur / s. 844 1145



MYKIND BÆTIEFNALÍNAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

Bara það besta fyrir þig og Móður jörð!



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.

Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

Allt lífrænt - allt vegan



mörkum Austur- og Vestur-Berlínar en enginn reiknaði með hversu hratt það myndi gerast.

Nóttin örlagaríka

Skömmu eftir miðnætti aðfaranótt 13. ágúst 1961 var flutningabílum með hermönnum og byggingaverkamönnum ekið í gegnum Austur-Berlín. Flestir íbúanna voru í fastasvefni og á meðan þeir sváfu vært var byrjað að rífa upp götur sem lágu yfir í vesturhlutann. Holur voru grafnar og steinsteyptir stólpar settir upp og gaddavír strengdur á milli þeirra. Þetta var gert meðfram endilöngum mörkum Austur- og Vestur-Berlínar. Símalínur á milli borgarhlutanna voru rfnar og lestarteinum var lokað.

Berlínarbúum brá að vonum þegar þeir vöknudu næsta morgun. Búið var að loka fyrir allan samgang á milli borgarhlutanna og þeir 60.000 íbúar Austur-Berlínar, sem voru með vel launuð störf í vesturhlutanum, gátu ekki lengur sótt þau. Fjölskyldur, vinir og félagar gátu ekki lengur hist.

Á þeim 28 árum sem þessi 155 kílómetra langi múr stóð voru

fjórar stórar breytingar gerðar á honum. Í upphafi var hann aðeins gaddavírgirðing. Nokkrum dögum síðar var steinsteyptum blokkum komið fyrir í staðinn og gaddavír settur ofan á þær. Árið 1965 var steypur veggur settur upp og hann studdur með stálbitum. Á árunum 1975 til 1980 var fjórða útgáfan gerð en þá var veggurinn hækkaður í 3,6 metra og gerður 1,2 metrar á breidd.

Fall múrsins

Fall múrsins var næstum jafn skyndilegt og bygging hans. Blikur höfðu verið á lofti um að kommúnisminn væri að veikjast en leiðtogar Austur-Þýskalands staðhæfðu að þar væri aðeins þörf á minniháttar breytingum á stjórnkerfinu en ekki neinum meiriháttar breytingum. Samlandar þeirra voru ekki sammála.

Þegar hrikta fór í stöðum kommúnismans í Póllandi, Ungverjalandi og Tékkóslóvakíu árið 1988 og 1989 opnuðust nýjar leiðir fyrir Austur-Þjóðverja sem vildu flýja land. Erich Honecker, leiðtogi landsins, hótaði að mæta mótmælum almennings af hörku

og valdbeitingu. Hann neyddist til að segja af sér eftir að Mikael Gorbachev, leiðtogi Sovétríkjanna, hætti að styðja hann. Egon Krenz tók þá við leiðtogaembættinu og ákvað að ofbeldi myndi ekki leysa vanda landsins. Hann slakaði einnig á kröfum varðandi ferðalög út fyrir landsteinana.

Að kvöldi 9. nóvember 1989 kom óvænt yfirlýsing frá ríkisstjórninni um að fólki væri heimilt að ferðast yfir öll hlið á landamærum Austur- og Vestur-Þýskalands og Vestur-Berlínar. Fólk trúði þessu varla í fyrstu. Gat verið að landamærin væru opin?

Fólk nágaðist landamærin varlega og komst að því að þetta var rétt, landamæraverðir hleyptu fólki óáreittu yfir. Ekki leið á löngu þar til fjöldi fólks stóð beggja vegna múrsins. Sumir byrjuðu að lemja í hann með meitlum og hömrum. Mikill fögnuður braust út og fólk féllst í faðma, kysstist, grét, dansaði og söng af gleði. Berlínarmúrinn var fallinn.

Í kjölfar falls múrsins sameinuðust Austur- og Vestur-Þýskalands í eitt ríki þann 3. október 1990. ■



Átti 56 eiginkonur og þráði gröfina

Spámaðurinn Joseph Smith er þekktasti mormóni sögunnar enda stofnaði hann kirkjuna í New York-fylki árið 1830. Annar spámaður, Brigham Young, er ekki síður mikilvægur því að hann mótaði söfnuðinn, fann honum fótfestu í Utah og fór í stríð við Bandaríkjastjórn til að verja hann.

Á þessum tíma var fjölkvæni grundvöllur að fjölskylduskipulagi mormóna enda predikaði Joseph Smith að það væri guðdómlegt. En hjónabandið hafði ekki sömu merkingu og hjá flestum öðrum. Mormónakarlmennt kvæntu ekki konum heldur „innsigliðu“ þær, sumar „til eilífðar“ en aðrar tímabundið.

Talið er að Smith hafi átt um 40 eiginkonur en Young sló honum við og innsigliði 55 konur, flestar til eilífðar. 21

hafði aldrei verið gift áður, 16 voru ekkjur, 6 voru fráskildar, 6 áttu eiginmenn fyrir en óvitað er með stöðu 6 þeirra. Hann eignaðist þó „aðeins“ 56 börn og „aðeins“ með 16 af þeim. Young virtist þó hafa litið á fjölkvænið sem bölg og þegar hann heyrði fyrst af boðorðinu sagði hann: „Það var í fyrsta sinn sem ég þráði að komast í gröfina.“

Eiginkonunum kom ekki alltaf vel saman, sérstaklega eftir að Amelia Folsom kom til sögunnar árið 1863. Hún var sú fimmtugasta í röðinni og var í mestu uppáhaldi hjá Young. Hann var þá 61 árs gamall en hún 24 ára.

Young bjó ekki með þeim öllum en til að halda utan um fjölskylduna byggði hann risavaxið raðhús árið 1856 sem kallast Ljónahúsið. Í dag er þar safn og veitingastaður. ■

Fuglastríðið í Ástralíu

Eitt undarlegasta stríð sem háð hefur verið hefur verið nefnt „hið mikla emúastríð“ og var háð í Campion-héraði í vesturhluta Ástralíu árið 1932.

Eftir fyrri heimsstyrjöldina hófu margir fyrrverandi hermenn hveitirækt í vesturhluta Ástralíu en kreppan mikla árið 1929 olli því að hveitiverð hrífell og aðstæður þeirra urðu óbærilegar. Ofan á þetta komu tugþúsundir emúa á svæðið og átu uppskeruna, en emúar eru stórir ófleygir fuglar sem flytja sig milli staða í stórum hópum.

Bændurnir höfðu samband við sir George Pearce varnarmálaráðherra, sem sjálfur hafði barist í stríðinu, og sendi hann herflokk vopnaðan hríf-skotarífflum á svæðið til að hrekja fuglana í burtu.

Marskálkurinn G.P.W. Meredith stýrði árásum á fuglana í lok október 1932 og beitti umsátrum en erfitt reyndist að ná mörkum saman. Eftir fjóra árangurslausa daga tóku hermennirnir eftir því að emúahóparnir voru með eigin leiðtoga, „stóra svartfíðraða fugla sem fylgdust með hermönnum-



um og vöruðu félaga sína við árásum.“ Eftir viku bardaga voru aðeins örfáir fuglar dauðir.

Niðurlægingin olli því að herinn dró sig til baka 8. nóvember en Meredith fékk annað tækifæri tæpri viku síðar og barðist við fuglana til 10. desember. Þá höfðu alls 986 emúar verið drepnir og aðgerðum hætt.

Aðgerðin hafði ekki tilætluð áhrif og fuglarnir átu hveiti næstu árin. Má því segja að ástralski herinn hafi beðið ósigur í hinu mikla emúastríð. ■



GRUNDFOS

IOI
ÍSLEIFUR
JÓNSSON

Straumhvörf í neysluvatnsdælum



Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýstingi og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra Innbyggð þurrkeysrluvörn Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

Dragháls 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is

SAKAMÁL



18 líkamsárásir er Ísraelinn Elias Abuelazam grunaður um. Árásirnar gerði hann vopnaður hnífi á tímabilinu mars 2009 til ágúst 2010 og flestar í borginni Flint í Michigan í Bandaríkjunum, eða nágrenni hennar. Fimm manns létust af sárum sínum en fórnarlömbin áttu það sammerkt að vera bandarískir karlmenn af afrískum uppruna og frekar væskilslegir og litlir fyrir menn að sjá. Abuelazam fékk lífstíðardóm, án möguleika á reynslulausn, í júní árið 2012.

MURÐINGJA

Abbott virtist fyrirmunað að skynja eigin sök ■ Mærdur af Norman Mailer ■ Elsi

Jack Henry Abbott, 58 ára Bandaríkjamaður, hengdi sig í fangaklefa sínum, sunnudaginn 10. febrúar 2002. Við sjálfsvígið notaði hann skóreimar og sængurfatnað.

Abbott þessi var glæpamaður og rithöfundur, sonur bandaríks hermanns og kínverskrar konu. Hann fæddist á herstöð í Michigan í Bandaríkjunum og lenti strax barn að aldri upp á kant við kennara sína. Síðar meir gerðist slíkt hið sama í samskiptum hans við lögin og 16 ára var hann sendur til vistar á betrunarskóla.

Ávisanafals

Sagan segir að Abbott hafi fyrir 18 ára aldur varið níu árum á ýmsum betrunarstofnunum í Utah-fylki. Eftir að honum var sleppt af þeirri síðustu gat hann um frjálst höfuð strokið í um hálf t. Þá var hann gripinn glóðvolgur við að falska ávisanir og dómurinn sem hann fékk fyrir vikið þyngdist þremur árum síðar, 1965.

Þá stakk hann samfanga til bana og fékk viðbótardóm upp á þrjú til 21 árs fyrir vikið. Árið 1971



Norman Mailer Rithöfundurinn tók Abbott upp á arma sína.

bætti Abbott um betur þega honum tókst að flýja úr fangelsinu og fremja bankarán í Colorado. Afleiðing var 19 ára dómur til við-

bótar því sem fyrir var.

Bréf Abbotts birt

Á meðan Abbott afplánaði refs-

ingu sína stóð hann í bréfaskriftum við rithöfundinn Norman Mailer. Bréfaskriftir þeirra hófust árið 1978 en um það leyti var Mailer að skrifa The Executioner's Song, skáldævisögu morðingja að nafni Gary Gilmore, sem þá hafði verið sendur yfir móðuna miklu fyrir glæpi sína.

Mailer virðist hafa hrifist af því sem Abbott skrifaði í sínum bréfum því hann fékk einhver þeirra birt í hinu virta bókmenntariti New York Review of Books. Það markaði síðan upphafið að rithöfundarferli Abbotts, en fyrsta bók hans, In the Belly of the Beast, var gefin út árið 1982.

Mailer skrifar bréf

Árið 1980 fékk Abbott sitt reglulega tækifæri til að sækja um skil-orð og þegar þar var komið sögu reyndist Mailer honum haurkur í horni.

Mailer skrifaði skilorðsnefndinni bréf til stuðnings Abbotts og fór um hann fögrum orðum. Ekki aðeins, að sögn Mailers, var Abbott reiðubúinn til að hljóta frelsi heldur sagði Mailer að hann gæti tryggt fanganum tryggja og vellaunaða stöðu í New York.

Það varð úr að Abbott var veitt heimild til að dvelja, til reynslu, á áfangaheimili í New York og snemma í júní árið 1980 flutti hann þar inn.

Blekkjandi bók

Bruce nokkur Jackson, hjá Buffalo Report, fylgdist þónokkuð með þróun mála þaðan í frá - hann var

ekki upprifinn. Jackson hafði sjálfur staðið í bréfaskriftum við fanga á dauðadeild. Einn fanganna hafði lesið In the Belly of the Beast og sagði í bréfi til Jackson: „Þetta eru dæmigerð bréf sem einhver innan fangelsismúra mundi skrifa einhverjum utan þeirra sem veit ekki, og mun aldrei vita, baun í bala um fangelsi.“

Umræddur fangi og einhverjir félagar hans undruðust, að sögn Jackson, velgengni bókarinnar og sögðu hana sönnun þess hve auðvelt væri að blekkja fólk sem lifði í hinum frjálsa heimi.

Ástmögur í bókmenntakreðsunum

Nú, þann tíma sem Abbott dvaldi á áfangaheimilinu var hann ástmögur fólks sem lifði og hrærdist í bókmenntakreðsum New York. Hann kom fram í Good Morning America og var auðsugestur í finustu veislunum. Fyrirnefndum Jackson fannst sem Mailer hefði í Abbott fundið sinn eigin Gilmore, sitt eigið gældyr sem hann sýndi í tíma og ótíma.

Abbott þurfti á þessum tíma, um mitt ár 1980, að halda sig á beinu brautinni í tvo mánuði. Það reyndist honum um megn og þegar sex vikur voru liðnar stakk hann til bana þjón að nafni Richard Adan. Adan var þó ekki bara þjónn því hann hafði einnig verið leikari og leikskáld og átti framtíðina fyrir sér. Rétt áður en hann var myrtur hafði La Mama-leikhúsið ákveðið að taka fyrsta verk hans til sýningar.

Sjálfsvorkunn og ásakanir

Án málalenginga var Abbott



ERT ÞÚ TILBÚINN Í SKÓLANN?

next
KRINGLUNNI
S: 556 1200



25 börn og um 200 fullorðnir voru, þann 27. júlí 2008, viðstödd sýningu í kirkju únitara í Knoxville í Tennessee þegar Jim nokkur Adkisson ruddist þar inn með gítartösku. Úr töskunni tók hann haglabyssu og lét skotunum rigna yfir kirkjuginni. Einn safnaðarmedlima, Greg McKendry, fékk í sig banvænt skot þegar hann reyndi að vernda aðra og 61 árs kona, Linda Kraeger, lést síðar af sárum sínum. Ætlun Adkisson var að bana eins mörgum frjálssyndum og demókrötum og hann gæti. Afskrsturinn var sem fyrr segir. Hann fékk lífstíðardóm í febrúar árið 2009.

IAMPAD

kaður af bókmenntaeítu New York



Á bak við rimla Stóran hluta ævinnar dvaldi Jack Abbott á stofnunum eða í fangelsum.

„Þetta eru dæmig- erð bréf sem ein- hver innan fangelsismúra mundi skrifa einhverjum utan þeirra sem veit ekki, og mun aldrei vita, baun í bala um fangelsi.“

stungið í steininn og enn og aftur var refsing hans þyngd. Ofan á alla aðra dóma fékk hann nú dóm sem hljóðaði upp á 15 ár til lífstíðar.

Í fangelsinu skrifaði Abbott sína aðra bók, My Return, sem var gefin út 1987. Sú bók hlaut ekki náð fyrir augum bókmenntafólks. Bókin var full af sjálfsvorkunn og hvergi örlanda fyrir iðrun vegna glæpa sem Abbott hafði framið. Þvert á móti skellti hann skuldinni á fangelsis-


kerfið og stjórnvöld. Reyndar gekk Abbott svo langt að krefjast afsökunarbeiðni frá samfélaginu vegna þeirrar meðferðar sem hann hafði fengið.

Óhlýðni og agaleysi


Árið 2001 kom Abbott aftur fyrir skilorðsnefnd. Hann hafði ekki erindi sem erfiði enda horfði nefndin til skorts á iðrun af hans hálfu auk þess sem hegðun hans

innan veggja fangelsisins hafði ekki verið til fyrirmyndar, heldur einkennst af óhlýðni og agaleysi.

Sem fyrr segir hengdi Abbott sig í klefa sínum 10. febrúar árið 2002. Þegar Norman Mailer frétti af sjálfsvígínu sagði hann í yfirlýsingu: „Ævi hans var sorgarsaga frá upphafi til enda. Ég þekki engan mann sem átt hefur verra líf.“ ■



Vinsæl bók Bréf Abbotts voru gefin út og hann naut skammvinnrar frægðar.



Í járnnum Reynslulausn Abbotts varð afar stutt.

GRAFÍSK HÖNNUN

Lógó bréfsefni bæklingar myndskreytingar merkingar ofl.

XPRENT
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is



ER EIGINMAÐUR GUÐRÚNAR „GAY“?

Sæl Ragga

Mig langar að fá að spyrja þig einnar spurningar.

Ég er búin að vera gift/í sambúð í 14 ár. Maðurinn minn hefur alltaf sagt að hann eigi bara eina konu og líti ekki á aðrar konur. Samband okkar hefur alltaf verið mjög gott, og þó að það hafi verið hæðir og lægðir í kynlífinu í gegnum árin hefur það líka alltaf verið gott. Fyrir stuttu síðan komst ég að því hann hefur verið inni á vefnum einkamál.is og verið að tala við karlmenn. Ég fann líka tvær kynferðislegar myndir af honum í tölvunni. Hann segist ekki hafa haldið framhjá, hann hafi bara verið að leika sér og það sé betra að fífl-

ast í karlmönnum. Mig langar að spyrja þig hvort þetta sé eðlilegt, eða getur verið að hann vilji prófa að vera með karlmanni? Hann segist aldrei hafa verið með manni og langi ekki til þess, en ég er efins því hann á sjaldnast frumkvæði að kynlífi hjá okkur. Ég fer eðlilega að spyrja mig hvort skýringin sé að hann vilji frekar menn. Ef þú getur svarað mér yrði ég mjög þakklát.

*Bestu kveðjur,
Guðrún*

Komdu sæl

Spurningu þinni er alls ekki auðvelt að svara – ég get sannarlega velt upp ýmsum þælingum og

ástæðum fyrir áhuga manns þíns á kynferðislegum samskiptum við kynbræður sína, en lykkillinn að kynhneigð hans liggur innra með honum. Ég get hins vegar spjallað almennt um áhuga karla á körlum, þá sérstaklega þeirra sem líta á sig, og lífa, sem gagnkynhneigðir.

Sumir karlmenn eru kynferðislega forvitnir um aðra karlmenn – rétt eins og sumar konur eru kynferðislega forvitnar um konur. Okkur er tamara að taka því með stökustu ró ef gagnkynhneigð kona velur að eiga kynferðislega upplifun með annarri konu, en það sama virðist ekki gilda um nákvæmlega sömu hegðun karla. Lesbísk

ævintýri hafa löngum verið efni kynóra í máli og myndum – sérstaklega meðal gagnkynhneigðra karla, en það sama virðist ekki eiga við um karlana. Ef við fréttum af samkynja ævintýrum karls sem hefur fram að því birst okkur sem gagnkynhneigður fer hommabjöllukórinn umsvifalaust í gang: „Gvuð er hann gay, og hefur hann lifað í lygi öll þessi ár?“ ... sem gæti alveg verið, en þarf þó alls ekki að vera sannleikurinn.

En gott og vel – veltum nú upp nokkrum ástæðum sem gætu legið að baki tölvubrúts karls þíns:

Forvitni

Kynferðisleg forvitni er eðlileg. Kannski er maðurinn þinn forvitinn um kynlíf með öðrum körlum og langar að velta sér upp úr þannig þælingum með öðrum körlum. Þetta þarf ekki að þýða að hann langi nokkurn tíma að stunda kynlíf með karli af holdi og blóði.

Fantasíur

Eflaust á maðurinn innra með sér óra um kynlíf milli karla. Kynórar eru þó þess eðlis að það sem kveikir losta þarf ekki að vera það sama og fólk vill gera.

Löngun til að prófa í alvöru

Kannski langar hann að prófa að vera með karlmanni. Reyndar segir þú að hann neiti því, og ég hef enga ástæðu til að halda að hann sé að segja ósatt. Það er samt ekkert að því að langa að prófa – og þarf ekki endilega að hafa neitt með kynhneigð hans að gera, hvað þá ást hans á þér.

Losti

Einhverra hluta vegna virðast margir karlmenn eiga betra með að losa um losta með nafnlausum kynferðislegum samskiptum en konur. Áður fyrr var ástæða þess talin vera meira magn hormónsins testósteróns hjá karlmönnum – hormónsins sem hvetur greddu, drift og árásgirni. Nú eru æ fleiri á þeirri skoðun að ekki sé síður um að

kenna félagsmótun okkar – við gerum ráð fyrir því að karlmenn eigi að vera graðir og árásgjarnir, á meðan konur eiga að vera penar, sýna helst ekki að þær séu kynverur og verjast fimlega ef graðir karlar reyna að fá þær til lags við sig. Druslustimplun og síðferðilegan tvískinnung þekkjum við því miður allt of vel. Fullveðja karlar nútímans hafa því alist upp við þá (rang) hugmynd að þeir búi í heimi þar sem ofgnótt er af karlmannlegri greddu en skortur á þeirri kvenlegu. Kannski er það þess vegna sem maðurinn þinn hefur ákveðið að klæmast við karla á netinu – það er auðveldara og skilvirkara. Það er líka þess vegna sem sumir karlar velja að fá útrás fyrir greddu með því að stunda kynlíf með öðrum körlum – það er einfalt, menn koma sér beint að efninu, og oftast án eftirmála. Kynhneigðin kemur því ekki endilega við!

Ég vona að þið getið átt áframhaldandi samtal um þessar þælingar. Kannski vill maðurinn þinn deila með þér órum, og kannski býr eitthvað ennþá stærra undir eins og kynhneigð hans. Eina leiðin til að fá botn í málið er að fríka ekki út heldur halda samtalinu áfram með umburðarlyndi og ást að leiðarljósi.


*Gangi þér vel,
Ragga*



Ragnheiður Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi. raggaeiriks.com raggaeiriks@gmail.com

OPNUM 14. ÁGÚST

Í NÝJU OG GLÆSILEGU HÚSNÆÐI AÐ GYLFAFLÖT 6 - 8



Fanntófell

S. 587 6688 / fanntofell@fanntofell.is / fanntofell.is

2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi




- 495UL Excellent - 3.580.000 kr.
- 495UL Premium - 3.990.000 kr.
- 540UL Excellent - 3.970.000 kr.
- 540UFe Excellent - 3.990.000 kr.
- 560UL PREMIUM - 4.380.000 kr.
- 560LU Excellent - 3.890.000 kr.
- 560Kmf DeLuxe Edition - 3.950.000 kr.
- 650Kmf DeLuxe Edition - 4.300.000 kr

Verð skráð og með virðisaukaskatti. Athugið að verð eru með mikið af aukabúnaði. Öll með rafgeymakerfi.



Optima Premium T 65 FL
Verð 10.990.000 með vsk



Optima Premium T 70 F
Verð 11.850.000 með vsk

Nýir 2018 árgerðir með mikið af aukabúnaði: 16" álfelgur, Hjólagrind, Markisa, blindgardínur, Loftkæling, bakkmyndavél, leiðsögugerfi og margt fleira. Einnig hægt að fá dráttarkúlu. Hef einnig fleiri gerðir til afgreiðslu fljótt.

B1 innflutningur bíla og hjólhýsa / boas@b1.is / Miðvangur 1-3, Egilsstöðum / Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 777 5007



Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • www.saetoppur.is

Veröldin

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Kennari missti vinnuna því hann vildi ekki heilsa konum með handabandi

Múslimskur afleysingakennari við Ekebergskólann í Noregi vildi ekki heilsa konum með handabandi og því missti hann vinnuna. Í stað þess að heilsa konum með handabandi leggur hann hægri hönd sína á hjarta- stað og kinkar kolti. Rektor skólans telur þetta algjörlega óásættanlegt og endurnýjaði því ekki samning við kennarann.

Þetta kemur fram í Dagsavisen.

„Fólk heldur að þetta sé vegna þess að ég líti niður á konur en ég er ekki að reyna að gera grín að neinum. Hugmyndin á bak við þetta er að fækka freistingum. Ég skil íslam þannig að spámaðurinn, megi friður vera með honum, hafi bannað þetta og því fylgi ég þessu,“ sagði umræddur kennari í samtali við Dagsavisen.

Bente Alfheim, fyrrverandi rektor skólans, segir að stjórnendur skólans hafi vitað að þetta væri vandamál þegar maðurinn var ráðinn til starfa og þeir hafi frá upphafi sagt að þeir gætu ekki samþykkt þetta. Samt sem áður hafi verið ákveðið að ráða manninn tímabundið til að hann gæti öðlast reynslu á norskum vinnu- markaði.

„Ég sé ekki hvernig við eigum að verja fyrir starfsfólki, foreldrum og nemendum að hann heilsar ekki með handabandi,“ sagði hún.

Maðurinn segir að skólinn sé einfaldlega að nota málið sem yfirvarp til að losna við hann í stað þess að taka á þeim vandamálum sem eru í skólanum, en hann segist hafa þurft að þola kynþáttafordóma og ofbeldi af hálfu nemenda.

Deilur Donalds Trump og Koch-bræðra eru átök um stefnu Repúblikanaflokksins



Nú eru tæplega 100 dagar í að kosið verði til þings í Bandaríkjunum. Repúblikanar leggja allt í sölurnar til að verja meirihluta sinn í báðum deildum þingsins og að sama skapi leggja demókratar allt í sölurnar til að komast í meirihluta. Þetta er því ekki heppilegur tími fyrir innanflokksátök hjá repúblikönnum en nú deila hinir valdamiklu Koch-bræður við Donald Trump um stefnu hans. Deilurnar eru átök um stefnu flokksins og hversu langt til hægri hann á að vera.

Bræðurnir eiga stærsta einkafyrirtæki Bandaríkjanna og eru milljarðamæringar. Þeir hafa styrkt Repúblikanaflokkinn rausnarlega í gegnum tíðina og reikna með að eyða um 400 milljónum dollara í kosningarnar í haust. Þeir eru í forsvari fyrir samtök fjárhagslegra stuðningsmanna flokksins en þau heita Americans for Prosperity. Þeir hafa árum saman reynt að yta flokknum lengra til hægri og hafa stutt dyggilega við Teboðshreyfinguna svokölluðu og þá sem hafna kenningum um að



loftslagsbreytingar séu af mannavöldum. Þeir eru á móti öllum tegundum ríkisstyrkja, óháð hvort þeir geti ýtt undir hagvöxt, og hafa fjármagnað hugveitur sem styðja málstað þeirra.

Þeir styðja einnig ötullega við frjálsa verslun á heimsvísu en það er einmitt ástæðan fyrir árekstrum við Trump. Bræðurnir eru algjörlega mótfallnir refsitollum hans og tollastríðum en Trump telur að tollarnir muni gagnast bandarísku efnahagslífi. Bræðurnir hafa því hrundið af stað herferð fyrir frjálsri verslun

og hafa viðrað hugmyndir um að þeir muni styðja frambjóðendur demókrata. Þetta hefur að vonum farið illa í Trump. Hann hefur að vanda farið mikinn á Twitter og kallað bræðurna „alþjóðasinna“ en það er mikið niðyrði í huga forsetans. Hann hefur einnig sagt að bræðurnir „séu algjör brandari í hópi réttra repúblikana“ og hefur sagt þá vera hræsnara sem fagni skattalækkunum hans í Bandaríkjunum en vilji vernda fyrirtæki sín utan Bandaríkjanna.

Bræðurnir hafa aldrei verið miklir aðdáendur Trumps og studdu hann ekki í kosningunum 2016. En deilur þeirra nú, skömmu fyrir kosningar, sýna hversu grunnt er á því góða í Repúblikanaflokknum og einnig deilur vegna popúlístastefnu Trumps og gamallar hugmyndafræði repúblikana um frjálsa verslun.

Þessar deilur koma sér illa fyrir þingmenn flokksins sem eru nú að berjast fyrir sætum sínum en margir þeirra treysta á fjárfraðslög frá bræðrunum til að geta rekið kosningabaráttu.

Næsti kafli hefst

HJÁ OKKUR

hafðu samband

GIMLI
FASTEIGNASALA

Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík
s. 570 4800 / gimli@gimli.is



Verstu þurrkar í hálföld í Ástralíu – Bændur mega nú skjóta kengúrur

Það sem voru græn engi fyrir ári er nú brúnar eyðimerkur, eða því sem næst. Svona er staðan í Nýju Suður-Wales í Ástralíu en þar hefur veturinn, nú er vetur þar, verið sá þurrasti í 50 ár. Ástandið er svo slæmt að yfirvöld hafa veitt bændum heimild til að skjóta kengúrur til að draga úr samkeppni húsdýra og kengúra um mat.

Ef ekki fer að draga úr þurrkunum neyðast margir bændur til að fella bústofn sinn. Júní, júlí og ágúst eru yfirleitt rigningar-

mánuðir í Ástralíu en þennan veturinn er staðan allt önnur. Vatnsból hafa þornað upp og sífelld verður lengra á milli polla. Þetta hefur að sjálfsögðu áhrif á dýraríkið og í júlí streymdu kengúrur inn í miðborg Canberra til að finna mat og vatn. Þar komu þær sér síðan fyrir í gördum, á knattspyrnuvöllum og öðrum stöðum.

Tæplega 10 millimetra úrkoma hefur mælst í stórum hlutum Nýju Suður-Wales undanfarin mánuð að sögn Sky.



et
EHF.

VERSLUN

**FRÁBÆRT ÚRVAL
DÍÓÐU (LED)
VÖRUBÍLA OG KERRU-
LJÓSA Á GÓÐU VERÐI**

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is



„Munum þá sem gleyma“ – Hlaupið í minningu Magnúsar Andra fyrir Alzheimersamtökin

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Þann 23. október síðastliðinn lést Magnús Andri Hjaltason langt fyrir aldur fram, en hann varð bráðkvaddur í sundlauginni í Grindavík. Magnús Andri og fjölskylda hans eru ötulir stuðningsmenn Alzheimersamtakanna, en Hjörtfríður Jónsdóttir, eiginkona Magnúsar Andra, greindist með Alzheimers árið 2012.

Magnús Andri vann í Tengi ehf. í 26 ár og var einn af lykilstarfsmönnum fyrirtækisins í vexti þess. Í minningu hans hyggst hópur fyrrverandi vinnufélaga hans hlaupa til styrktar Alzheimersamtökunum í Reykjavíkumaraþoninu þann 18. ágúst næstkomandi.

„Magnús Andri hljóp í nokkur ár með hlaupahópnum Stingum af, sem hleypur fyrir Alzheimersamtökunum,“ segir Arnar Árnason hjá Tengi ehf. „Þar var Maggi Andri afskaplega hár í áheitasöfnun og var hann áheitaþingur í fyrra. Hann var ötull stuðningsmaður




til styrktar samtökunum og hefur unnið mjög vel í þeirra þágu, eins og hann gat samhliða því að aðstoða konuna sína, hana Hjöddu.“

Í febrúar síðastliðnum ákváðu samstarfsfélagar og vinir Magnúsar Andra að stofna hlaupahóp í minningu hans. „Við vildum halda kyndli hans á lofti, hann hafði sett sér það markmið að Stingum af myndi safna milljón og við höfum sett okkur það markmið að safna hálfri milljón þannig að saman ættum við að ná þessari milljón

sem er markmiðið. Það er aðáunartvert að sjá hve margir eru tilbúnir til að taka þátt og gefa í maraþoninu.“

Allir starfsmenn Tengis ehf. sem tók hafa á taka þátt. „Við gerðum okkur vonir um að tíu starfsmenn tækju þátt, en um leið og við lögðum þetta til voru allir sem tiltekir voru til í að vera með. Raunin er því sú að við erum 24, um 60 prósent starfsmanna fyrirtækisins. Hlauparar eru á öllum aldri, af báðum kynjum og í öllu formi.



Magnús Andri og Hjörtfríður ásamt börnum sínum, Berglindi Önnu, Hjalta og Ernu Rún í maraþoninu árið 2014, en Erna Rún og Hjalta hlaupa einnig í ár fyrir Alzheimersamtökin.

Hver og einn hleypur á sínu tempói, þrjár fara hálfmaraþon og hinir 10 kílómetra.“

Tengi ehf. styður við alla starfsmenn með því að greiða þátttökugjald allra og styður við undirbúninginn. „Þetta hefur verið hvatning fyrir marga til að byrja að hreyfa sig. Við höfum verið að hvetja hvert annað, fara í hlaupagreiningu og fá tilboð á hlaupa-

vörum fyrir okkur.

Andlát Magnúsar Andra var reiðarslag fyrir marga starfsmenn hér, hann var mikill húmoristi og þekkingarbrunnur, mjög vandaður maður,“ segir Arnar. „Við hvetjum alla sem geta til að styrkja þetta verðuga málefni, margt smátt gerir eitt stórt. „Munum þá sem gleyma.“ ■

„Ég myndi gefa Geir Ólafs hárbólásarann minn“

Björgvin Þór Rúnarsson er stoltur Eyjamaður og lék með ÍBV í handknattleik áður en hann hélt upp á land til að nema bakaraíðin hér á árum áður, en þar lék hann með Víkingi og fleiri liðum á sínum langa ferli. Björgvin lék með öllum landsliðum Íslands í handbolta og þjálfaði einnig í Noregi. Einnig hefur hann starfað sem aðstoðarþjálfari hjá KR og síðan Gróttu í úrvalsdeild karla. Björgvin nemur nú löggildingu fasteignasala og útskrifast í vor frá Háskóla Íslands og hefur starfað hjá Domusnova fasteignasölu í tæp fimm ár. Eitt af hans stóru áhugamálum er viðburðahald tengt tónleikum og því um líku en hann hefur komið nálægt því síðastliðin 20 ár, þar á meðal Harlem Globetrotters/TOTO og svo Foreigner í vor svo eitthvað sé nefnt, en hann undirbýr nú tvo stórviðburði 2019 sem verða tilkynntir fljótlega. Björgvin er mikill fjölskyldumaður og líður best í faðmi fjölskyldunnar. Hann sýnir lesendum DV á sér hina hliðina.

Hvað halda margir um þig sem er alls ekki satt? Að ég sé ljóshærður.

Hvað finnst þér að eigi að kenna í skólum sem er ekki kennt þar núna? Kurteisi og næringarfræði.

Ef þú þyrftir að eyða einni milljón á klukkutíma, í hvaða verslun færirðu? B&L bíl.

Hvað viltu að standi skrifað á legsteininum þínum? Vinur vina sinna.


Sex ára barn spyr þig hvort jólasveinninn sé til. Hvernig svarar þú? 63 stykki á Austurvelli.

Ef þú mættir velja eitt lag sem yrði alltaf spilað um leið og þú gengir inn í herbergi allt þitt líf, hvaða lag myndirðu velja? Afrika með TOTO.

Hvað ætti ævisagan þín að heita? Síðasta fíflíð er ekki fætt.

Hvaða bímynd hefurðu séð oftast? Nýtt líf.

Hvað var í tisku þegar þú varst yngri en er það ekki lengur? Handball Special Adidas-skór.



HIN HLIÐIN



Yfir hverju getur þú alltaf hlegið? Einsa kalda vini mínum (Einar Björn Árnason kokkur).

Borðarðu mat sem er kominn fram yfir síðasta sölundag? Helst ekki.

Heilsarðu frægum Íslendingum úti á götu, þótt þú þekkir þá ekki persónulega? Nei, en konan mín gerir það.

Ef þú mættir bæta við ellefta boðorðinu, hvernig hljómaði það? Þetta reddast.

Hvaða hljóð fer mest í taugarnar á þér? Tuð.

Hvaða viðburð sérðu mest eftir að hafa misst af? Rammstein í Kórnum.

Ef þú yrðir handtekinn án skýringa, hvað myndu vinir þínir og fjölskylda halda að þú hefðir gert af þér? Keyrt of hratt.

Hvaða teiknimyndapersónu myndirðu vilja eiga sem vin? Tomma og Jenna.

Hvað ættu allir að prófa að minnsta kosti einu sinni í lífinu? Að fara á Þjóðhátið í Vestmannaeyjum.

Ef þú kæmir einn daginn heim úr vinnunni og þar væri enginn nema Geir Ólafsson í sturtu, myndirðu hringja í lögregluna? Nei, ég myndi rétta honum handklæði og gefa honum hárbólásarann minn (þarf hann ekki lengur).

Hver er tilgangurinn með þessu jarðlífi? Að vera til staðar fyrir fjölskyldu sína, sama á hverju gengur.

Hvað er framundan um helgina? Bara afslöppun og að rífa æfingar aftur í gang.

Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parka með stök teppi og mottur. Við bjóðum upp á sérvalin handhnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía



VIÐARPARKET • UTANHÜSSKLÆÐNINGAR • VÍNYPARKET • FLÍSAR • HURDIR • TEPPI • KERFISLOFT • HARÐPARKET • INNRETTINGAR

Parki ehf. • Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • www.parki.is • parki@parki.is • sími: 595 0570



Trésmiðjan Stígandi tekur að sér allt sem við kemur byggingum og mannvirkjagerð. Á tæknivæddu verkstæði smíðum við nánast hvað sem er, allt eftir þínum óskum. Við leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.



TRÉSMIÐJAN STÍGANDI

FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

TRÉSMIÐJAN STÍGANDI / SÍMI: 452 4123 / WWW.STIGANDIHF.IS

Skyggst inn í þróun hinsegin skemmtanalífs með pöbbarölti

Íslenskt hinsegin skemmtanalíf hefur verið alls konar í gegnum árin, leynt og ljóst, hávært og lágvært. Þetta segir í blaði Hinsegin daga um hið svonefnda Hinsegin pöbbarölt, sem hefst í kvöld, föstudag, klukkan sex. Í blaðinu segir einnig að samkynhneigðir karlmenn á Íslandi hafi daðrað við hermenn á Borginni á fimmta áratug síðustu aldar, að samkynhneigðar konur hafi leit að skjóls í Stúdentakjallaranum og að dragið hafi blómstrað á Rauðu myllunni.

Gunnlaugur Bragi Björnsson, viðskiptafræðingur og formaður

Hinsegin daga, lýsir þessari spennandi nýjung sem byggir að hluta til á grein sem Hilmar Hildarson-Magnússon tók saman á 30 ára afmæli Samtakanna '78 árið 2008. „Þá tók Hilmar umfjöllun á söguna og hvernig skemmtanalífið fór fram og hefur þróast. Þessi ferð okkar byggir svólítið á hans grein og verða heimsóttir þarna nokkrir staðir með sögu og nokkrum drykkjum í leiðinni,“ segir Gunnlaugur.

Þetta er í fyrsta skiptið sem Hinsegin pöbbaröltið fer fram og verður gengið frá Hlemmi og endað á Naustinu en þaðan er örstutt rölt að gömlu höfninni þar sem

hefst sigling klukkan 21.

„Í gegnum tíðina hafa verið fjölmargir hinsegin skemmtistaðir, sjaldnast margir í einu, en bæði hinsegin staðir eða staðir sem ýmist fólk hefur tekið að sækja og gert að sínum að einhverju leyti. Þarna eru auðvitað ýmsir aðrir skemmtistaðir eða einfaldlega allt annar rekstur í dag, en þarna ætlum við að stoppa og skyggnumst inn í þá stemningu sem þarna var. Einnig ætlum við að heyra sögur um hvað gerðist og hvað fólkinu fannst sem sótti þessa staði á þeim tíma.“

Að sögn Gunnlaugs er um lít-



inn viðburð að ræða með takmarkað miðaframboð en segir hann fólk hafa almennt tekið vel í hugmyndina. „Þetta fer fram á íslensku en ef vel gengur er aldrei að

vita nema við endurtökum leikinn seinna og þá mögulega á öðrum tungumálum, þannig að erlendir gestir geti átt auðveldara með að slást í hópinn,“ segir Gunnlaugur.



Slettist upp á vinskapiinn

Slest hefur upp á vinskapi indversku söngkonunnar Leoncie og rapparans Ella grill, forsprakka hljómsveitarinnar Shades of Reykjavík. Þau fluttu saman lagið „Enginn þríkantur hér“ árið 2015.

Leoncie er ósátt við að Elli og Shades of Reykjavík hafi eignað sér lagið og dreift því á Youtube og víðar, hún og eiginmaður hennar eigi höfundarréttinn að laginu.

Lagið „Enginn þríkantur hér“ er lag sem Leoncie gaf út árið 2008 og flutti í breyttum búningi með Ella árið 2015. Fékk sú útgáfa mikla hlustun og athygli en Leoncie segist ekki hafa fengið neinar greiðslur fyrir.

„Þjófnadur um hábjartan dag,“ segir Leoncie í Facebook-færslu 8. ágúst síðastliðinn. Þá segir hún raphljómsveitina „hæfileikalaus“ og „vesalinga“ og sjálfa sig „indverska snillinginn Leoncie.“



Ég hef tekið lit í dag!

Loki

ÞURRIR DAGAR

Nýttu tækifærið og berðu á pallinn!

Fyrir skjólvegginn

Kjörvari 14
Viðarvörn, margir litir.
3.995
86332040

Herregård tréolía X0
Viðarvörn fyrir gagnvarið efni, palla, girðingar og garðhúsgögn. Fæst í ljósbrúnu og glæru.
1.995
80602501-2
Almennt verð: 2.495

Fyrir pallinn

Kjörvari 12
Pallaolía, margir litir.
3.835
86363040

Útimálning
Steintex, hvítt.
7.265
86647540

GLEÐILEGA HÁTÍÐ!

#REYKJAVIKPRIDE

BYKO er stoltur styrktaraðili Hinsegin daga

BOSCH

Háþrýstidæla
Easy Aquatak 120B
22.995
74810236

SPEKTER

Pensill
Hægt að setja á skaft. Tilvalinn fyrir pallinn eða skjólvegginn. 120 mm.
2.495
58365522

GJOCO

4L.

Pallahreinsir
2.965
42377537

NÚ ER TÍMINN!

ÞÚ FÆRÐ ALLT EFNID Í PALLINN OG SKJÓLVEGGINN HJÁ OKKUR

Fáðu verð í pallinn hjá okkur!

timbur@byko.is

REIKNADU ÚT EFNISKOSTNAÐ Á BYKO.IS

Tilboðsverð

Gasgrill
ROGUE R365, SIZZLE-ZONE™ hliðarbrennari, grillgrind 51x45 cm, úr ryðfrú stáli.
79.996
506600037
Almennt verð: 119.995

33% afsláttur

Fjöldi annarra tilboða í verslunum

SKRÁDU ÞIG Á BYKO.IS
og þú gætir unnið glæsilega vinninga

BYKO
GERUM PETTA SAMAN